



— 2014 - 2015 —

**SKÝRSLA STJÓRNAR OG NEFNDA
HJÚKRUNARRÁÐS
LANDSPÍTALA**



LANDSPÍTALI

Efnisyfirlit

[Stjórn hjúkrunarráðs Landspítala 2014-2015](#)

[Skipan stjórnar](#)

[Stjórnarfundir](#)

[Opnir fundir hjúkrunarráðs](#)

[Aðalfundur hjúkrunarráðs](#)

[Opinn fundur 21. apríl 2015: Flæði sjúklinga á Landspítala](#)

[Helstu umfjöllunarefni og ályktanir hjúkrunarráðs](#)

[Trúnaðarmenn](#)

[Mönnun hjúkrunar](#)

[Fagleg þróun hjúkrunar](#)

[Ályktun hjúkrunarráðs Landspítala um yfirlýsingu um betra heilbrigðiskerfi](#)

[Verkföll og uppsagnir](#)

[Hjúkrunarráð Landspítala ályktar um verkfall BHM](#)

[Hjúkrunarráð Landspítala ályktar vegna yfirvofandi verkfalls hjúkrunarfræðinga 27. maí 2015](#)

[Hjúkrunarráð Landspítala ályktar vegna yfirvofandi atgervisflóttu hjúkrunarfræðinga](#)

[Hjúkrunarráð ályktar um skammtímalausnir í mönnunarmálum](#)

[Ályktun frá hjúkrunarráði vegna yfirvofandi verkfalls félagsmanna SLFÍ og SFR](#)

[Réttindi og skyldur hjúkrunarfræðinga](#)

[Yfirlagnir og flæði sjúklinga](#)

[Kynningar og góðir gestir](#)

[Önnur mál](#)

[Fésbókarsíða hjúkrunarráðs](#)

[Blaðgrein í tilefni af viku hjúkrunar](#)

[Öryggismörk og viðbragðsáætlun](#)

[Undirbúningstími eða lesdagar](#)

[Fjarfundir](#)

[Nýjar tilnefningar í nefndir hjúkrunarráðs á starfsárinu](#)

[Nefndir hjúkrunarráðs](#)

[Skýrsla fræðslunefndar 2014-2015](#)

[Skýrsla stöðunefndar](#)

[Skýrsla kjörnefndar](#)

[Nefndir á vegum Landspítala með fulltrúa sem hjúkrunarráð tilnefnir](#)

[Skýrsla vísindaráðs Landspítala 2014](#)

[Ársskýrsla stýrinefndar um skráningu hjúkrunar 2015](#)

[Störf siðfræðinefndar Landspítala 2013-2014](#)

[Eftirlitsnefnd um rafræna sjúkraskrá](#)

[Ársskýrsla siðanefndar](#)

[Fylgiskiöl](#)

[Fylgiskjal nr. 1. Fundargerð aðalfundar hjúkrunarráðs 22. október 2014](#)

[Fylgiskjal 2. Opinn fundur hjúkrunarráðs 21. apríl 2015](#)

[a. Dagskrá opins fundar](#)

[b. Fundargerð](#)

[c. Fjölmiðla umfjöllun](#)

[Fylgiskjal 3. Svar frá starfsmannastjóra, september 2014](#)

[Fylgiskjal 4. Bréf til mannauðsráðgjafa Landspítala](#)

[Fylgiskjal 5. Greinar og viðtöl í tengslum við verkföll, uppsagnir og hjúkrunarleigur](#)

- a. [Mikill upp safnaður vandi](#)
- b. [Velferð þjóðarinnar er í húfi](#)
- c. [Blaða viðtal við formann](#)
- d. [Aðsend grein: Aðför að heilbrigðiskerfi Íslands](#)
- e. [Þrjár fréttir um hjúkrunarleigur](#)
- f. [Verkföll sliga spítalann](#)

[Fylgiskjal 6. Dagskrá málbings 25. febrúar 2015](#)

[Fylgiskjal 7. Vika hjúkrunar:](#)

- a. [Dagskrá vikunnar](#)
- b. [Veggpsjaldakynningar](#)

[Fylgiskjal 8. Grein um viku hjúkrunar: Hjúkrun á Landspítala](#)

[Fylgiskjal 9. Dagskrá fræðslufunda veturinn 2014-2015](#)

Stjórn hjúkrunarráðs Landspítala 2014-2015

Skipan stjórnar

Guðný Friðriksdóttir/Guðríður Kr Þórðardóttir	Formaður	
Guðríður K. Þórðardóttir/Ragnheiður Guðmundsdóttir	Varaformaður	
Ragnheiður Guðmundsdóttir/Guðrún Einarsdóttir	Ritari	
Aðalmenn	Varamenn	Svið
Kolbrún Eva Sigurðardóttir	Kristín Sigurðardóttir	Skurðlækningasvið
Edda Jörundsdóttir	Þórhildur Þórisdóttir	Skurðlækningasvið
Elínóra Friðriksdóttir	Ingibjörg Guðmundsdóttir	Skurðlækningasvið
Tinna Daníelsdóttir	Jóhanna Elísdóttir	Kvenna- og barnasvið
María Guðnadóttir	Halla Skúladóttir	Kvenna- og barnasvið
Júlía Björnsdóttir	Stefanía Sæmundsdóttir	Gedðsvið
Guðrún Einarsdóttir	Sólrun Rúnarsdóttir	Bráðasvið
Guðrún Dóra Guðmannsdóttir	Ragna Dóra Rúnarsdóttir	Lyflækningasvið
Guðrún Kristinsdóttir	Ingibjörg Bjartmarz	Lyflækningasvið
Steinunn Ingvarsdóttir	Friðrika Alda Sigvaldadóttir	Lyflækningasvið
Helga Harðardóttir	Oddný S. Gunnarsdóttir	Utan klínískra sviða



Hluti aðal- og varamanna í hjúkrunarráði 2014-2015.

Nokkrar breytingar urðu í stjórn hjúkrunarráðs Landspítala á starfsárinu. Í byrjun árs hætti kjörinn formaður hjúkrunarráðs, Guðný Friðriksdóttir, á spítalanum og varaformaður, Guðríður Kristín Þórðardóttir tók við. Ritari, Ragnheiður Guðmundsdóttir varð þá varaformaður og Guðrún Einarsdóttir, aðalmaður bráðasviðs, kom inn sem ritari. Sólrún, hennar varamaður var aðalmaður og Edda Ýr Þórsdóttir kom inn sem varamaður. Guðrún og Edda Ýr hættu svo störfum á spítalanum í sumar. Dóra Björnsdóttir tók við sem varamaður fyrir bráðasvið en framkvæmdastjórn hjúkrunarráðs hefur verið án ritara frá því í september fram að aðalfundi. Aðrar breytingar voru þær að Kristín Sigurðardóttir, varamaður á skurðlækningasviði fór yfir í fræðslunefnd vegna brottfalla þar í kjölfar uppsagna og Ásta Lovísa Sigurðardóttir kom inn í staðinn.

Breytingar á lögum stjórnar hjúkrunarráðs varðandi skipan stjórnar

Á síðasta aðalfundi hjúkrunarráðs, 22. október 2014, voru samþykktar breytingar á lögum ráðsins sem lúta að skipan stjórnar þar sem skipurit Landspítala hafði breyst og þar af leiðandi dreifing hjúkrunarfræðinga á sviðin. Í ljósi þess var samþykkt að stjórn hjúkrunarráðs skyldi skipað af formanni, varaformanni, ritara og ellefu fulltrúum frá klínískum sviðum spítalans, en ekki tíu eins og áður. Breytingar urða á fjölda fulltrúa frá hverju sviði þar sem þeim fækkaði í tvo úr þremur á lyf- og skurðlækningasviði, bráðasvið datt út en nú verða tveir frá aðgerðasviði og tveir frá flæðissviði. Eins og áður er einn utan klínískra sviða. Aðal- og varamönnum fjölgaði því um einn.

Stjórnarfundir

Stjórn hjúkrunarráðs hélt 20 fundi á starfsárinu en auk þess funduðu formaður, varaformaður og ritari eftir þörfum þess á milli.

Fundir með framkvæmdastjóra hjúkrunar og forstjóra

Formaður hjúkrunarráðs fundaði reglulega með framkvæmdastjóra hjúkrunar. Þar voru rædd ýmis málafni, s.s. áhyggjur af álagi á hjúkrunarfræðinga og mönnun á deildum, réttindi og skyldur hjúkrunarfræðinga í krefjandi starfsumhverfi, áhyggjur af faglegri þróun hjúkrunar ef til hjúkrunarleiga kæmi og að auka þurfi tækifæri hjúkrunarfræðinga til símenntunar með n.k. undirbúnings vinnu sem hluta af starfshlutfalli. Einnig var lögð áhersla á að millistjórnendur þurfi að sýna fordæmi með vilyrði fyrir því að hjúkrunarfræðingar sæki fundi nefnda og stjórna, deili þekkingu sinni með fræðsluerindum og sæki fræðslu, þjálfun og námskeið innan sem utan menntadeildar. Einnig voru flæðismál rædd og hver ábyrgð hjúkrunarfræðinga er með tilliti til þess: Einn spítali fyrir alla sjúklinga, án tillits til sjúkómsgreiningar, þegar á þarf að halda.

Formaður hjúkrunarráðs sótti einnig stjórnendafund.

Stefnuráð hjúkrunar

Formaður hjúkrunarráðs tók þátt í stefnuráði hjúkrunar en fundir voru haldnir þrisvar sinnum á síðasta starfsári. Þar var fjallað um mikilvægi árangursríkra samskipta, faglegra þróun hjúkrunar, hjúkrunarfræðing framtíðarinnar og ýmsa þætti sem lúta að bættum gæðum hjúkrunar.

Aðrir fundir

Framkvæmdastjórn hjúkrunarráðs fundaði með formanni Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Ólafi Skúlasyni, auk annarra starfsmanna Fíh, Evu Hjörtínu Ólafsdóttur, kjararáðgjafa og Gunnar Helgason, sviðsstjóra kjara- og réttindasviðs félagsins í mars 2015. Rætt var um skort á trúnaðarmönnum hjúkrunarfræðinga á LSH og að Fíh hafi það að markmiði að skerpa á hlutverki þeirra. Ræddum einnig mönnun og hjúkrunarálag á deildum Landspítala.

Formaður átti fund með Helgu Jónsdóttur, deildarstjóra Hjúkrunardeild Háskóla Íslands, Aðalbjörgu Finnbogadóttur, sviðsstjóra fagsviðs ásamt fræðslunefnd í undirbúnings vinnu sameiginlegs málþings um fagmennsku hjúkrunar sem haldið var í febrúar.

Formaður hjúkrunarráðs hefur fundað með lækna ráði og formaður lækna ráðs með hjúkrunarráði. Mikill vilji er til að efla samstarf þessara tveggja ráða. Ákveðið var að skipuleggja málþing í nóvember, um teymisvinnu.

Stjórnin átti fundi með Báru Hildi, staðgengli starfsmannastjóra Landspítala vegna mönnunarmóðela, yfirvinnu og álags á deildum spítalans.

Formaður hjúkrunarráðs tók virkan þátt í störfum og mætti á alla fundi fræðslunefndar hjúkrunarráðs.

Góð samskipti hafi verið á milli stjórnar hjúkrunarráðs og annarra sem hér hafa verið nefndir.

Opnir fundir hjúkrunarráðs

Aðalfundur hjúkrunarráðs

Aðalfundur var haldinn 22. október 2014. Fundargerð er að finna í fylgiskjali nr. 1.

Opinn fundur 21. apríl 2015: Flæði sjúklinga á Landspítala

Hjúkrunarráð stóð fyrir opnum fundi um flæði sjúklinga á spítalanum, einkum vegna mikils álags á bráðamóttöku, tregðu í flæði sjúklinga á legudeildir og á næstu þjónustustig. Þetta hefur haft í för með sér of háa rúmanýtingu, sem fer ítrekað yfir 100%. Frummælendur voru deildarstjóri flæðisdeildar, framkvæmdastjórar þeirra deilda sem flæðismál þykja hvað þyngst, forstjóra spítalans og skrifstofu heilbrigðisþjónustu velferðarráðuneytisins. Sjá nánar í dagskrá, sem er að finna í

fylgiskjali nr. 2. Markmið fundarins var að skapa framangreindum vettvang til að kynna bjargráð og framtíðarsýn hvað varðar eina af stærstu áskorunum á Landspítala og öðrum tækifæri til að spyrja og ráðleggja. Fundurinn hlaut mikla athygli fjölmiða og fékk umfjöllun í útvarpi, sjónvarpi, blöðum og vefmiðlum.

Sjá dagskrá, nánari fundargerð og fjölmiðlaumfjöllun í fylgiskjölum nr. 2a-c.

Helstu umfjöllunarefni og ályktanir hjúkrunarráðs

Helstu umfjöllunarefni hjúkrunarráðs á síðasta starfsári tengdust flæði sjúklinga, yfirinnlögnum, álagi, öryggi sjúklinga og starfsmanna, verkföllum og mönnunar málum. Margir góðir gestir komu á fund hjúkrunarráðs og kynntu verkefni sín og störf.

Trúnaðarmenn

Ábending kom um að ekki væru trúnaðarmenn frá öllum sviðum spítalans. Hjúkrunarráð sendi fyrirspurn á Fíh sem staðfesti það. Hjúkrunarráð fór þá í það í samvinnu við Fíh að kalla eftir upplýsingum frá deildarstjórum og tilnefningum trúnaðarmanna. Hugmynd kom upp um að sameina smærri einingar með tilliti til trúnaðarmanna. Nota til þess skipurit LSH og upplýsingar frá hagdeild um fjölda hjúkrunarfræðinga á einingum. Einnig var farið yfir starfsreglur trúnaðarmanna með starfsmanni félagsins. Rætt var um að enginn aðal trúnaðarmaður er á spítalanum lengur. Spurning hvort ástæða sé til að bæta úr því.

Mönnun hjúkrunar

Ekki virðist vera neinn miðlægur grunnur með upplýsingar um mönnunarmodel. Starfsmannastjóri sagði þær upplýsingar liggja hjá deildarstjórum. Því virðist ekki vera nein skilgreining á því hver mönnun eigi að vera með tilliti til álags, bráðleika eða hjúkrunarþyngdar. Víða heyrast raddir að mönnunarmodel séu úreld, þó hafi Rafaela sjúklingaflokkun gefið deildarstjórum tækifæri til að auka mönnun sinna deilda þar sem álag er mikið. Borið hefur á því að leyfð stöðugildi dugi ekki til að manna samkvæmt mönnunarmodelum og kvóti sé á yfirvinnu og því gangi ekki að manna í raun eftir skilgreindum módelum. Miðað við svör starfsmannastjóra við fyrirspurn hjúkrunarráðs í september 2014 og fjallað var um í síðustu ársskýrslu, um hve marga hjúkrunarfræðinga vantar á spítalann, virtist sá skortur á hjúkrunarfræðingum ekki vera í samræmi við þennan orðróm, sjá fylgiskjali nr. 3. Var því ákveðið að senda bréf á starfsmannastjóra og mannauðsráðgjafa til að fá upplýsingar um þessi mál, þ.e. hvernig gangi að manna eftir módelum deilda og hve marga hjúkrunarfræðinga vantar í raun og veru. Bréfið er að finna í fylgiskjali 4. Einn af mannauðsráðgjöfum spítalans hafði þá samband við formann í kjölfarið, óskaði eftir því að beiðni okkar um svar yrði dregið til baka og kynnt yrði fyrir okkur vinnu verkefnahóps innan mannauðsdeildarinnar þar sem væri verið að skoða þessi mál og finna lausnir. Markmið hópsins væri að auka nýliðun og löðun hjúkrunarfræðinga. Það var samþykkt og fór sú kynning fram 24. apríl 2015. Á þeim fundi ítrekaði formaður ábendingar um að

skilningur yrði að vera á því að misræmi væri milli leyfðra stöðugilda, mönnunarmódelna og raunmönnunar. Hætta þurfi strax að þjarma að millistjórnendum ef greidd stöðugildi eða yfirvinna fari yfir skilgreind mörk til að manna samkvæmt þörf á deildum. Mannauðsráðgjafar verði að fullvissa sig um að um sóun sé að ræða áður en sett sé út á slík vinnubrögð.

Fagleg þróun hjúkrunar

Í vor komu á fund stjórnar Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar og Eygló Ingadóttir, verkefnastjóri og fyrrum formaður hjúkrunarráðs, með það að markmiði að skilgreina ímynd framtíðar hjúkrunarfræðingsins og hvernig hægt væri að ná þeirri ímynd fram. Móta þannig stefnu hjúkrunar á Landspítala. Formaður tók einnig þátt í slíkum hugarflugs fundi í þröngum hópi sérfræðinga í hjúkrun og stýrði vinnuhópi á stefnuráðsfundi hjúkrunar þann 29. september 2015.

Formaður tók þátt í vinnudegi um stefnumótun Landspítala með framkvæmdastjórn spítalans í september 2015. Megin áhersla formanns fyrir hönd hjúkrunarráðsins voru málefni fagþróunar hjúkrunar og að starfsmaðurinn verði í forgrunni. Að hlúa þurfi að þekkingarþróun og draga úr álagi á deildum. Einnig að öryggismörk verði sett, mönnun deilda séu í samræmi við starfsemi þeirra og ekki sé reiknað með um eða yfir 100% rúmanýtingu eins og nú er. Formaður kom með þá tillögu að nýta þekkingu og reynslu við LEAN vinnu við að virkja millistjórnendur til að fara með þessa stefnumótunar vinnu inn á deildir og gefa hjúkrunarfræðingum, ljósmæðrum og sjúkraliðum tækifæri til að móta stefnu og setja markmið. Með því væri markmiðsetning best kynnt og lykilstarfsmenn virkjaðir til að leita leiða til að ná þeim markmiðum.

Formaður hjúkrunarráðs tók þátt í loka degi fyrsta starfsþróunar ársins í vor, hélt tölu og sat í pallborði ásamt Sigríði Gunnarsdóttur, framkvæmdastjóra hjúkrunar, Hrund Scheving og Ólafi G Skúlasyni, formanni Fíh. Markmiðið var að efla fagvitund hjúkrunarfræðinga á sínu fyrsta starfsári á Landspítala og hvetja þá til að taka ábyrgð á þjónustu spítalans og heilbrigðiskerfinu í heild sinni.

Fyrsti fræðslufundur hjúkrunarráðs haustið 2015 var um starfsþróun Landspítalans, einkum vegna þess hve mikla gagnrýni hún hefur sætt. Þar hélt formaður fyrirlestur um möguleika hjúkrunarfræðinga á Landspítala til starfs- og fagþróunar, sem að öllum líkindum er mun meiri en möguleikar annarra hjúkrunarfræðinga á landinu. Miklar og ganglegar umræður voru í pallborði. Kom þar meðal annars fram að auka þurfi möguleika hjúkrunarfræðinga á þrískiptum vöktum og næturvakta prósentu til að sækja námskeið, því þeir komist sjaldan. Einnig að auka þurfi styrki frá Landspítala til að sækja námskeið innan- sem utanlands.

Hjúkrunarráð ályktaði 20. janúar 2015 vegna undirritunar yfirlýsingar forsætisráðherra, fjármálaráðherra, heilbrigðisráðherra og formanna læknafélaganna tveggja þess efnis að auka gæði heilbrigðisþjónustu og bæta aðstæður heilbrigðisstarfsmanna. Ástæða og megin inntak ályktunarinnar var að hvetja stjórnvöld til að leita til hjúkrunarfræðinga á Landspítala með slíka vinnu.

Ályktun hjúkrunarráðs Landspítala um yfirlýsingu um betra heilbrigðiskerfi

Hjúkrunarráð Landspítala tekur undir orð Ólafs G. Skúlasonar, formanns Fíh í grein sinni í Fréttablaðinu þann 20. janúar sl. Þar fagnar hann undirritun yfirlýsingar forsætisráðherra, fjármálaráðherra, heilbrigðisráðherra og formanna læknafélaganna tveggja þess efnis að auka gæði heilbrigðisþjónustu og bæta aðstæður heilbrigðisstarfsmanna.

Eins og fram kemur í fréttatilkynningu RÚV 8. janúar sl. er yfirlýsingin í átta liðum og tekur meðal annars til mönnunar, aukins fjármagns, aukinna gæða þjónustu, byggingu nýs spítala og endurnýjunar tækja. Auk þess er boðuð heildstæð skoðun á skipulagi, uppbyggingu og fjármögnun heilbrigðiskerfisins. Ólafur bendir réttilega á að endurskilgreining á hlutverkum heilbrigðisstétta eigi að vera hluti af þeirri stefnumótun sem um ræðir. Á síðasta ári lagði Embætti landlæknis til í úttekt sinni á lyflækningasviði Landspítala að gera þurfi greiningu á störfum heilbrigðisstétta og að mönnun sé í samræmi við það. Hjúkrunarráð Landspítala hefur áður ályktað um mikilvægi þess að gera það hið fyrsta.

Hjúkrunarráð vekur athygli á mikilvægi og ekki síður gagnsemi samvinnu stjórnvalda við allar heilbrigðisstéttir þegar kemur að stefnumótun innan heilbrigðiskerfisins og hvetur stjórnvöld til að nýta sér krafta, þekkingu og reynslu innan hjúkrunarfræðistéttarinnar. Styrkur Landspítala byggir á mannauði hans.

Grein Ólafs, sem vísað er í er að finna hér: <http://www.visir.is/vinum-saman-ad-eflingu-heilbrigdiskerfisins/article/2015701209991>.

Verkföll og uppsagnir

Starfsárið einkenndist óneitanlega af verkföllum og skertri þjónustu sem þau höfðu í för með sér. Fyrst var það verkfall lækna, hjúkrunarráð sendi frá sér ályktun í október 2014 sem birt var í síðustu ársskýrslu.

Eftir stutt hlé tók við 10 vikna verkfall félagsmanna BHM á Landspítala, þar á meðal ljósmæður. Mikill ugður var í fólk þar sem spítalinn var í sárum eftir verkfall lækna, þar sem biðlistar höfðu lengst og óöryggi skapast. Var meðal annars viðtal við formann hjúkrunarráðs í Fréttablaðinu og á visir.is, sem má sjá í fylgiskjali ##. Í aðdraganda verkfallsins, eða 15. apríl 2015 sendi hjúkrunarráð frá sér ályktun:

Mikill uppsafnaður vandi á Landspítala

• INNLENT | 08:30 | 21 APRÍL 2015

3 Líkur þetta 40



Sumarískanir fram undan. Einn lengst biðlisti sjúklinga eftir aðgerðum og meðferð. Guðrún Kristín Þórhildsdóttir, formáður hjúkrunarráðs, tekur uppsafnaðan vanda míkinn. FRÉTTABLAÐIÐ EYRIN

KRISTJANA BJÖRG GUNNARSDÓTTIR SKRIFAR

Verkfallsaðgerðir félagsmanna BHM ná til 500 starfsmanna Landspítalans og hafa haft mikil áhrif á starfsemi og þjónustu við skjólstæðinga hans.

Biðlistar eftir rannsóknunum og aðgerðum lengjast og nú hefur 220 skurðaðgerðum verið frestað. Einvörðir þeirra sem biða eftir aðgerðum hafa beðið frá því í læknaverkfallinu og er því uppsafnaður vandi innan heilbrigðiskerfisins mikill.

Engar aðgerðir eru í framkvæmdar sem krefjas blóð- eða myndgreiningar. Meðferð alvarlegra sjúkdóma er í bið á meðan verkfallsaðgerðir standa yfir. Sem dæmi má nefna að nýgreindir sjúklingar með krabbamein fá ekki þjónustu fyrr en verkfalli lýkur nema að meinið sé metið sem bráð veikindi. Forsvarsmenn Landspítalans telja sig hafa faglegar ástæður fyrir því að veita nýgreindum ekki lækniþjónustu.

Hjúkrunarráð Landspítala ályktar um verkfall BHM

Stjórn hjúkrunarráðs Landspítala lýsir yfir verulegum áhyggjum vegna verkfalls félagsmanna BHM. Verkfallsaðgerðir hafa þegar valdið auknu álagi á aðra heilbrigðisstarfsmenn sem getur ógnað öryggi sjúklinga. Verkfallið nær til um 500 starfsmanna spítalans og hefur mikil áhrif á starfsemi og þjónustu við skjólstaðinga eins og rannsóknir, aðgerðir og meðferð alvarlegra sjúkdóma. Biðlistar eftir þjónustu hafa nú þegar lengst töluvert síðustu mánuði og verkfallsaðgerðirnar nú munu lengja þessa biðlista enn frekar.

Hjúkrunarráð hefur ítrekað bent á mikið álag á Landspítala og skort á heilbrigðisstarfsfólki. Brýnt er að bæta kjör og starfsaðstæður háskólamenntaðs starfsfólks á Landspítala svo heilbrigðiskerfið á Íslandi verði samkeppnishæft við önnur lönd um starfskrafta fagfólks. Stjórn hjúkrunarráðs hvetur stjórnvöld til að meta menntun og ábyrgð til launa og semja við félagsmenn BHM hið fyrsta.

Til viðbótar við verkfallsaðgerðir BHM fóru hjúkrunarfræðingar í verkfall. Hjúkrunarráð sendi frá sér ályktun í þeim aðdraganda þann 19. maí 2015:

Hjúkrunarráð Landspítala ályktar vegna yfirvofandi verkfalls hjúkrunarfræðinga 27. maí 2015

Hjúkrunarráð Landspítala lýsir yfir verulegum áhyggjum vegna yfirvofandi verkfalls hjúkrunarfræðinga og hversu illa gengur að semja við þær heilbrigðisstéttir sem nú þegar eru í verkfalli.

Innlent | mbl | 21.5.2015 | 8:37 | Uppfært 9:29

Tweet

„Velferð þjóðarinnar í húfi“



Landspítalinn í Fossvogi. mbl.is/Ómar

Hjúkrunarráð Landspítala lýsir yfir verulegum áhyggjum vegna yfirvofandi verkfalls hjúkrunarfræðinga þann 27. maí nk. og hversu illa gengur að semja við þær heilbrigðisstéttir sem nú þegar eru í verkfalli.

Þetta kemur fram í ályktun sem var samþykkt af stjórn hjúkrunarráðs á þriðjudag, en hún hefur verið birt á heimasíðu Landspítalans.

Fram kemur, að framkvæmdastjórn Landspítala og landlæknir hafi bent á að nú þegar sé öryggi sjúklinga ótryggt. Þar að auki sé uppsafnaður vandi á Landspítala þar sem biðlistar hafi lengst og atgervisflótti starfsfólks sé raunverulegur.

„Landspítali og íslenskt heilbrigðiskerfi í heild má ekki við frekari skerðingu á þjónustu. Hætt er við að skaði hljótist af sem erfitt verði að bæta. Hjúkrunarráð Landspítala hvetur stjórnvöld til að ganga frá samningum áður en til verkfalls hjúkrunarfræðinga kemur. Velferð þjóðarinnar er í húfi,“ segir í ályktuninni, sem Guðröður Kristín Þóróardóttir, formaður hjúkrunarráðs, birti.

Framkvæmdastjórn Landspítala og landlæknir hafa bent á að nú þegar er öryggi sjúklinga ótryggt. Þar að auki er uppsafnaður vandi á Landspítala þar sem biðlistar hafa lengst og atgervisflótti starfsfólks er raunverulegur. Landspítali og íslenskt heilbrigðiskerfi í heild má ekki við frekari skerðingu á þjónustu. Hætt er við að heilbrigðiskerfið hljóti skaða af sem erfitt verði að bæta. Hjúkrunarráð Landspítala hvetur stjórnvöld til að ganga til samninga áður en til verkfalls hjúkrunarfræðinga kemur. Velferð þjóðarinnar er í húfi.

Þegar lög voru svo sett á verkföll félagsmanna Fíh og BHM 14. júní 2015 stefndi í fjölda uppsagna hjúkrunarfræðinga á Landspítala, sem endaði í uppsögnum tæplega 300 hjúkrunarfræðinga. Hjúkrunarráð sendi frá sér eftirfarandi ályktun þann 18. júní:

Hjúkrunarráð Landspítala ályktar vegna yfirvofandi atgervisflotta hjúkrunarfræðinga

Hjúkrunarráð Landspítala varar við hruni í íslensku heilbrigðiskerfi sem yfirvofandi atgervisflotti hjúkrunarfræðinga í kjölfar lagasetningar Alþingis á verkfallsrétt þeirra 14. júní sl. mun leiða af sér. Skortur á hjúkrunarfræðingum er raunverulegur nú þegar og nýliðun innan stéttarinnar svarar ekki vaxandi þörf. Nauðsynlegt er að gera hjúkrunarstarfið eftirsóknarvert og samkeppnishæft svo eðlileg nýliðun verði. Aðgerðir stjórnvalda og tregða til samninga hafa gert slíkt ómögulegt.

Hjúkrunarfræðingar hafa í auknum mæli horfið til annarra starfa þar sem þeir treysta sér ekki til þess að vinna við núverandi aðstæður á Landspítala. Hjúkrunarfræðingar treysta sér ekki til að tryggja öryggi sjúklinga sinna og treysta ekki á að öryggi þeirra í starfi sé tryggt.

Hjúkrunarráð skorar á deiluaðila að ljúka samningum.

Landspítali má ekki við frekari uppsögnum.

Þessar ályktanir voru sendar á alla alþingismenn, framkvæmdastjórn spítalans og fjölmiðla. Þær fengu mikla athygli fjölmiðla og í kjölfarið af þeim fór formaður hjúkrunarráðs í sjónvarps-, útvarps- og blaðaviðtöl. Sjá í fylgiskjölum 5a-e. Formaður hjúkrunarráðs og formaður fræðslunefndar skrifuðu einnig grein um aðför stjórnvalda að heilbrigðiskerfi Íslands. Sú grein birtist á vefmiðlanum *Kvennablaðið* og er í fylgiskjali nr. 8.

Í kjölfarið af uppsögnum hófust umræður um erlendar og íslenskar hjúkrunarleigur sem lausn við yfirvofandi mönnunar vanda. Í öllum slíkum umræðum kom skýrt fram að notkun þeirra á Landspítala yrði neyðarúrræði. Hjúkrunarráð hafði áhyggjur af því að það yrði niðurstaðan, með skerðingu á faglegri- og þekkingarþróun hjúkrunar á Landspítala. Hjúkrunarráð sendi því frá sér ályktun um málið þann 22. júlí:

Hjúkrunarráð ályktar um skammtímalausnir í mönnunarmálum

Hjúkrunarráð Landspítala varar við því að lítið sé á hjúkrunarleigur sem lausn á mönnunarvanda hjúkrunarfræðinga innan heilbrigðiskerfisins. Slíkar lausnir eru neyðarúrræði svo hægt sé að veita grunn neyðarþjónustu, líkt og veitt er í verkfalli. Slík þróun myndi leiða af sér verulega faglega afturför, ógna þeirri uppbyggingu sem þegar hefur átt sér stað og hefta áframhaldandi uppbyggingu heilbrigðisþjónustu.

Miðvikudagur 22.07.2015 - 15:29 - Ummæli (1)

Hjúkrunarráð Landspítala: Hjúkrunarleigur neyðarbrauð og engin lausn á mönnunarvanda



Mynd: DV

Hjúkrunarráð Landspítala telur að hjúkrunarleigur séu einungis neyðarúrræði og varar við að lítið sé á þær sem lausn á mönnunarvanda hjúkrunarfræðinga innan heilbrigðisgeirans. „Slík þróun myndi leiða af sér verulega faglega afturför, ógna þeirri uppbyggingu sem þegar hefur átt sér stað og hefta áframhaldandi uppbyggingu í íslenskrum heilbrigðisþjónustu.“

Þetta segir í ályktun sem Hjúkrunarráðið sendi frá sér. Þar segir enn fremur að reynslan á Landspítalanum og sömuleiðis þeirra aðila sem þekki til erlendis sýni að faglegar skyldur leigðra hjúkrunarfræðinga gagnvart stofnunum séu ekki þær sömu og fastra starfsmanna.

Fagleg framþróun á þjónustu við sjúklinga og aðstandendur þeirra, hagræðing í rekstri, uppbygging á starfsemi, efling þverfaglegrar teymisvinnu, kennsla og fræðsla situr á hakanum.

Hjúkrunarráðið vara því eindregið við öllum slíkum hugmyndum og skorar á stjórnvöld að ná sáttum í launabaráttu hjúkrunarfræðinga svo ekki þurfi að koma til slíkra skammtímalausna sem gætu skaðað heilbrigðiskerfið umtalsvert.

Stofnun hjúkrunarleiga kann að vera lausn til að halda hjúkrunarfræðingum og þar af leiðandi reynslu og þekkingu innan Landspítala í umönnun sjúklinga. Reynsla okkar á Landspítala og þeirra sem þekkja til erlendis sýnir að faglegar skyldur leigðra hjúkrunarfræðinga gagnvart stofnuninni eru ekki þær sömu og starfsmanna spítalans. Fagleg frampróun á þjónustu við sjúklinga og aðstandendur þeirra, hagræðing í rekstri, uppbygging á starfsemi, efling þverfaglegar teymisvinnu, kennsla og fræðsla situr á hakanum. Stjórnendur Landspítala hafa þá minna um starfsþróun og símenntun hjúkrunarfræðinganna að segja. Sérhæfing og samfella í hjúkrun sjúklingahópa er gífurlega mikilvæg en reynslan sannar að hún fæst ekki ef mönnun fagaðilanna byggir á leigðum starfsafla.

Starfsánægja hjúkrunarfræðinga og tryggð þeirra við stofnunina og skjólstæðinga hennar er það sem ríkisstjórnin á að leggja allt sitt kapp í að varðveita, hvort sem um ræðir Landspítala, spítala landsbyggðarinnar, heilsugæslu eða heimahjúkrun. Ef til hjúkrunarleiga kæmi gæti verið verulega erfitt, jafnvel ógerlegt að snúa til baka.

Hjúkrunarráð skorar á stjórnvöld að ná sáttum í launabaráttu hjúkrunarfræðinga svo ekki þurfi að koma til þessara skammtímalausna sem gætu skaðað heilbrigðiskerfið umtalsvert.

Ljóst er að aðstæður og starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga í sumar varð til þess að Landspítalinn missti dýrmætan mannaúð í uppsögnum sem ekki voru dregnar til baka. Eins og fram kemur í ályktun hjúkrunarráðs 18. júní mátti spítalinn ekki við þeim missi. Atgervisflóttinn hafði meðal annars áhrif á stjórn og fræðslunefnd hjúkrunarráðs, þar sem miklar mannbreytingar urðu þar í kjölfarið.

Þó telja megi að ofangreind verkföll og rask á starfssemi spítalans megi teljast meira en nóg, bættist enn eitt verkfallið við, tímabundið verkfall félagsmanna Sjúkrliðafélgs Íslands og ótímabundið verkfall félagsmanna SFR. Mikið rask varð á starfsemi spítalans og ekki sér enn fyrir endann á því þegar þetta er skrifað. Þann 13. október sendi hjúkrunarráð frá sér ályktun um yfirvofandi verkfall þessara tveggja félaga:

Innlent | mbl | 14.10.2015 | 10:52

Tweet

Tíð verkföll sliga Landspítalann



mbl.is/Ómar

„Ljóst er að enn og aftur horfum við fram á illa starfhæfan Landspítala með skerta þjónustu við sjúklinga, óreiðu og ógn við öryggi þeirra vegna verkfallsaógerða,“ segir hjúkrunarráð Landspítalans um verkfallsaógerðir sem munu að óbreyttu hefjast á miðnætti. Það mun ná til um 400 sjúkraliða.

Hjúkrunarráð spítalans hefur sent frá sér ályktun vegna yfirvofandi verkfalls Sjúkrliðafélags Íslands og SFR.

„Verkfallsaógerðir félagsmanna í SLFÍ hefjast á miðnætti aðfaranótt fimmtudags ef ekki nást samningar í kjaradeilu þeirra fyrir þann tíma. Verkfallið mun ná til um 400 sjúkraliða á Landspítala á öllum sviðum spítalans auk þess sem félagsmenn SFR boða ótímabundið verkfall frá sama degi. Ljóst er að enn og aftur horfum við fram á illa starfhæfan Landspítala með skerta þjónustu við sjúklinga, óreiðu og ógn við öryggi þeirra vegna verkfallsaógerða. Spítalinn er að sligast undan tíðum og erfiðum verkföllum undanfarið ár með tilheyrandi óvissu og hvetur stjórn hjúkrunarráðs aðilla að ganga til samninga hið allra fyrsta,“ segir í ályktuninni.

Ályktun frá hjúkrunarráði vegna yfirvofandi verkfalls félagsmanna SLFÍ og SFR

Verkfallsaðgerðir félagsmanna í SLFÍ hefjast á miðnætti aðfararnótt fimmtudags ef ekki nást samningar í kjaradeilu þeirra fyrir þann tíma. Verkfallið mun ná til um 400 sjúkraliða á Landspítala á öllum sviðum spítalans auk þess sem félagsmenn SFR boða ótímabundið verkfall frá sama degi. Ljóst er að enn og aftur horfum við fram á illa starfhæfðan Landspítala með skerta þjónustu við sjúklinga, óreiðu og ógn við öryggi þeirra vegna verkfallsaðgerða. Spítalinn er að sligast undan tíðum og erfiðum verkföllum undanfarið ár með tilheyrandi óvissu og hvetur stjórn hjúkrunarráðs aðila að ganga til samninga hið allra fyrsta.

Réttindi og skyldur hjúkrunarfræðinga

Í hjúkrunarráði er mikið fjallað um mikilvægi þess að hjúkrunarfræðingar og ljósmæður þekki bæði réttindi sín og skyldur í krefjandi starfsumhverfi. Starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga hefur einkennst af miklu álagi og manneklu. Hjúkrunarráð hefur undanfarna mánuði haft áhyggjur af því að það bitni á fagþróun hjúkrunar, sí- og endurmenntun og þátttöku í stjórnnum, nefndum og umbótavinnu. Formaður hjúkrunarráðs skipulagði ásamt fræðslunefnd hjúkrunarráðs málþingi um fagvitund og símenntun sem bara yfirheitið "Ertu með á nótunum?". Málþingið var haldið í samstarfi við Háskóla Íslands og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga. Sjá fylgiskjal nr. 6.

Yfirlagnir og flæði sjúklinga

Í hjúkrunarráði hefur verið tíðrætt um álag á starfsfólki Landspítala, yfirlagnir og gangalagnir á ýmsum deildum hans. Á síðasta ári hefur rúmanýting á mörgum deildum verið í kringum 100%, oft yfir en æskileg rúmanýting er undir 85%. Við þessar aðstæður má lítið út af bregða. Álags tímabil, sem alltaf má búast við, eins og flensutímabil eða sumarlokanir einkennast af yfirinnlögnum, skertu flæði sjúklinga með óæskilegri bið sjúklinga á röngum stað á röngum tíma, ótímabærum útskriftum o.fl. með aukinni hættu á óreiðu og óöryggi. Þessar áhyggjur hjúkrunarráðs urðu til þess að ákveðið var að efna til opins fundar um flæði sjúklinga á Landspítala (sjá framar og í fylgiskjali nr. 2a-c).

Stjórn hjúkrunarráðs þykir ljóst að bæta þurfi við rúmafjölda á spítalanum. En það myndi ekki leysa allan flæðisvanda þar sem hann er ekki einkamál Landspítala. Bæta þarf þjónustu við aldraða einstaklinga í samfélaginu: fjölga endurhæfingar- og líknarplássum, efla heimaþjónustu og fjölga hjúkrunarrýmum.

Kynningar og góðir gestir

Stjórn hjúkrunarráðs fékk góða gesti á fund til sín til að kynna og ræða ýmis verkefni sem unnið er að á Landspítala.

Sigríður Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar kom og ræddi m.a. um starf sitt sem framkvæmdastjóri hjúkrunar en hún tók við því árið 2012. Hún ræddi þær breytingar sem hafa orðið á starfinu frá því hún tók við og hvernig hún skilgreindi upp á nýtt hlutverk og starf

oo

framkvæmdastjóra hjúkrunar í kjölfar breytinga á skipuriti Landspítala. Rætt var um fagráðin sem að hennar mati er grasrótin og mikilvægt utanumhald fyrir sérfræðipækkingu í hjúkrun. Möguleikar eru á að efla fagráð spítalans og hjúkrunarráð telur þörf á að flytja störf þeirra meira inn á deildir og gera fagráðin sýnileg. Fagráð bera megin ábyrgð á starfsþróun hjúkrunarfræðinga í starfslýsingu C og ofar. Einkum sérfræðinga í hjúkrun og sérmenntaðra, eins og skurð- og svæfingahjúkrunar. Stefnuráð í hjúkrun sem er vettvangur áframhaldandi þróunar í hjúkrun er skipað af öllum deildarstjórum LSH, formanni hjúkrunarráðs, forstöðumanni fræðasviða og sérfræðingum í hjúkrun. Haldnir eru fundir fjórum sinnum á ári á vegum framkvæmdastjóra hjúkrunar.

Helga Jónsdóttir, forseti Hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands kom á fund stjórnar þar sem hugmyndir voru meðal annars ræddar um hvernig megi opna betur deildina fyrir hjúkrunarfræðinga og ljósmæður sem gætu viljað sækja staka fyrirlestra sem gagnast gætu fyrir þeirra sérhæfingu. Rætt var um nýja námsskrá og fyrirhugað aðgangspróf.

Bryndís Hlökkversdóttir, starfsmannastjóri kynnti framkvæmd starfsumhverfiskönnunar sem er unnin á vegum mannauðsdeildar og óskaði eftir aðstoð hjúkrunarráðs við að auka þátttöku starfsfólks úr 51% í a.m.k. 70%.

Bára Hildur Jóhannsdóttir kynnti fyrir okkur störf og markmið vinnuhóps innan mannauðsdeildar í stað svars við fyrirspurn okkar við bréfinu sem við sendum á alla mannauðsráðgjafa og starfsmannastjóra. Kynningin átti sér stað í apríl, Bára Hildur kom svo aftur á fund stjórnar í október.

Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar og Eygló Ingadóttir komu á fund stjórnar í maí. Stóðu fyrir hópavinnu innan stjórnarinnar til að setja fram ímynd hins fullkomna hjúkrunarfræðings framtíðarinnar. Hvað þarf hann til brunns að bera og hvað þarf til að "búa hann til"?

Hanna Kristín Guðjónsdóttir kynnti fyrir okkur álagsmælingar og möguleika "Skjábörða".

Reynir Arngrímsson, formaður læknafráðs var gestur á stjórnarfundi í október 2015. Ræddum við sameiginleg áhyggjuefni ráðanna og helstu áhersluefni á stjórnarfundum læknafráðs.


Önnur mál

Fésbókarsíða hjúkrunarráðs

Eitt af markmiðum vetrarins og í raun forgangsverkefni formanns var að auka sýnileika hjúkrunarráðsins og verkefna þess. Að ná til fleiri hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra Landspítalans og jafnvel kynna faglegt starf hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra á Landspítalanum utan hans. Því var brugðið á það ráð að stofna aðdáendasíðu (e. like) hjúkrunarráðsins á vefmiðli fésbókarinnar. Síðan

er góður vettvangur til að auglýsa viðburði, eins og fræðslufundi fræðslunefndar hjúkrunarráðs, birta greinar er tengjast hjúkrun á Landspítala og koma skilaboðum um fagleg málefni til hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra. Um 500 manns fylgjast nú þegar með síðunni og fá fréttir og tilkynningar á veggri sinna fésbókarsíðna. Fréttirnar ná svo til enn fleiri. Vika hjúkrunar var auglýst sem viðburður (e. event) á fésbók, sem auðveldaði auglýsingar og aðgang að hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum enn frekar. Þar voru viðburðir auglýstir daglega. Þessar tilkynningar bættust við venjubundna tölvupósta og auglýsingar á veggjum og dreifibréfum innan spítalans.

Blaðgrein í tilefni af viku hjúkrunar



Hjúkrun á Landspítala

• SKODUN | 08:00 | 12. MAÍ 2015



ELFA ÞÓLL GRÉTARSDÓTTIR OG GUÐRÚN KRISTÍN ÞORBJÖRNSDÓTTIR SKRIFA

Mikið hefur verið fjallað um Landspítala undanfarna mánuði og ár og þá einkum veg manneklu og fjárskorts. Niðurskurður, atgervisflótti heilbrigðisstarfsmanna, litill nýli fagfólks, ákæra, húsnæðisskortur og nú verkföll. Er virkilega allt í steik á þessari virtu stofnun? Hvernig í ósköpunum fæst fólk til þess að standa vaktir við þessar aðstæður sem nýtan dag? Er þjóðinni óhætt? Hvað er raunverulega í gangi á Landspítalanum? starfsumhverfiskönnun kom fram að þrátt fyrir að meiriluta hjúkrunarfræðinga finni álagið af mikild og launin lág, þá eru þeir ánægðir í starfi. Miðað við þetta má velja þv sér hvað það sé sem veitir þeim starfsánægju.

Störf hjúkrunarfræðinga innan spítalans eru fjölbreytt en eiga það þó sameiginlegt að sjúklingum og aðstandendum þjónustu á viðkvæmum stundum í lífi þeirra. Hjúkrunarfræðingar og ljósmæður spítalans veita sína þjónustu af fagmennsku, öryg

Neikvæð umræða í fjölmiðlum og þjóðfélaginu hafði verið áberandi svo mánuðum skipti, um álag, ákæru, lélegan húsakost, verkföll og yfirfullan spítala svo fátt eitt sé nefnt. Hætt er við því að í slíkri umræðu tapist faglegur metnaður, ánægja í starfi dvíni, atgervisflótti verði verulegur og hægist

á nýliðun. Formaður hjúkrunarráðs setti sér því að markmið í byrjun árs að skrifa jákvæða grein um hjúkrun á Landspítala. Vika hjúkrunar var gífurlega mikil uppskeruhátíð í lok annars mjög erfiðs vetrar. Vikan einkenndist af dagskrá sem var uppfull af faglegum umbóta verkefnum þar sem hjúkrunarfræðingar og ljósmæður höfðu unnið á sínum deildum. Umbótaverkefnum sem ætlað var að bæta þjónustu við sjúklinga og aðstandendur, hagræða í starfi til að minnka álag, lágmarka sóun og spara tíma og peninga. Það var því ekki erfitt að setja saman jákvæða grein um hjúkrun á Landspítala. Greinin var skrifuð af Guðríði Kristínu, formanni hjúkrunarráðs og Elfu Þóll Grétarsdóttur, formanni fræðslunefndar hjúkrunarráðs og hana er að finna í heild sinni í fylgiskjali nr. 8.



Öryggismörk og viðbragðsáætlun

Hjúkrunarráð hefur undanfarin tvö ár talað fyrir því að sett verði fram ákveðin öryggismörk og viðbragðsáætlun sem færi í gang ef álag færi yfir mörkin. Sú áhersla kom sterkar á yfirborðið í kjölfar ákæru á hendur hjúkrunarfræðings stofnunarinnar sem enn sér ekki fyrir endann á. Hjúkrunarráð vill að staðið verði vörð um öryggi hjúkrunarfræðinga í starfi sínu með því að tryggja þeim viðunnandi starfsumhverfi sem daglega er ógnað víðs vegar um spítalann með of mikilli hjúkrunarþyngd og álagi. Ef skilgreind eru ákveðin öryggismörk með tilliti til hjúkrunarþyngdar og bráðleika sjúklinga væri hægt að setja saman viðbragðsáætlun til að tryggja betur öryggi sjúklinga og starfsmanna.

Undirbúningstími eða lesdagar

Hjúkrunarráð hefur um áraraðir ályktað vegna mikils álag á hjúkrunarfræðinga og undanfarin ár hefur hjúkrunarþyngd verið að aukast samkvæmt Rafaela sjúklingaflokkunar kerfinu. Mikil hætta er á því að fagleg verkefnavinna, umbætur og framþróun í hjúkrun og kennsla sitji á hakanum þegar hjúkrunarfræðingar hafi lítið sem ekkert svigrúm utan beinnar hjúkrunar. Fagþróun, sí- og endurmenntun verður í lágmarki og borið hefur á að aðsókn í framhaldsnám sé að dvína.

Lögmálið um misræmi framboðs og eftirspurnar fræðslu, kennslu og þjálfunar á Landspítala á ekki við hvað hjúkrunarfræðinga varðar. Framboð er mikið, skráning getur verið mjög góð eða áhugi mikill en mæting sjaldnast eftir því. Hjúkrunarfræðingum þykir mörgum hverjum erfitt að uppfylla þær 40 stundir af símenntun til starfsþróunar, sem ætlast er til af þeim, þó svo framboð sé nóg. Hjúkrunarfræðingar hafa oft á tíðum ekki tækifæri til þess að mæta á fræðslu og fyrirlestra sem höfða til þeirra starfsvettvangs og starfsþróunar þar sem þeir eru fastir í hjúkrun á deild eða í hvíld á milli vakta. Þeir hafa einnig lýst því að þeir komist treglega á fundi og verkefnadaga tengt nefndarstörfum eða framþróun hjúkrunar. Hjúkrunarráð vill því leggja áherslu á mikilvægi þess að tryggja hjúkrunarfræðingum þessi tækifæri.

Hugmyndir hafa komið upp að skilgreina ákveðinn “undirbúningstíma”, líkt og kennarar hafa, eða það sem áður var kallað “lesdagar” eða “verkefnadagar” sem allir hjúkrunarfræðingar hafa til símenntunar og verkefnavinnu. Tillagan hefur verið nefnd við Pál Matthíasson, forstjóra og var rædd á fyrrgreindum fundi stjórnar með Sigríði Gunnarsdóttur, framkvæmdastjóra hjúkrunar, sem tóku vel í hana. Útfærslan gæti verið að einn dagur í mánuði (8 klst) væri tilgreindur sem “undirbúningstími”. Hann væri ætlaður strafsþróun hvers konar, hvort sem um ræðir námskeið, leshópa, hermipjálfun, undirbúning og kynningu tilfella fyrir deild, nefndarstörf o.fl. Æskilegt væri að einhver hefði það hlutverk að aðstoða hjúkrunarfræðinga við að nýta þennan tíma sem best, hvort sem um ræðir mannauðsráðgjafa, sérfræðinga í hjúkrun og/eða fagráð.

Ákveðið var að vera með ályktum um þetta mál á aðalfundi hjúkrunarráðs 2015. Ályktunin væri þá áskorun á framkvæmdastjórn spítalans með það að markmiði að auka tækifæri hjúkrunarfræðingar til fagþróunar.

Fjarfundir

Fræðslufundir hjúkrunarráðs hafa verið í fjarfundum milli Hringbrautar og Fossvogs síðastliðið starfsár. Flestir þeirra hafa verið teknir upp og birtir á vefsvæði hjúkrunarráðs á vef Landspítalans. Hingað til hefur ekki þurft skriflegt samþykki fyrir upptökum og birtingu á vef Landspítala, en eins og gefur að skilja eru ekki allir samþykkir því, af mörgum ástæðum. Oft á tíðum er um að ræða viðkvæmt efni, jafnvel myndir af tilfellum eða rannsóknarniðurstöður sem ekki hafa verið birtar. Heilbrigðis- og upplýsingatæknisvið Landspítalans hefur unnið að samþykkisblaði sem nota skal fyrir upptöku fyrirlestra, þar sem markmiðið er að fyrirlestrar eru ekki teknir upp og/eða birtir nema með samþykki fyrirlesara og höfunda efnis sem birt er á upptökum. Formaður hjúkrunarráðs og fræðslunefndar hjúkrunarráðs voru beðnir um að segja álit sitt á þessu samþykkisblaði og koma með athugasemdir í maí 2015. Samþykkisblaðsins má vænta innan fárra mánaða. Markmið hjúkrunarráðs er að engin upptaka fari fram nema með skriflegu samþykki fyrirlesara. Sama gildir um birtingu upptöku á vefnum.

Nýjar tilnefningar í nefndir hjúkrunarráðs á starfsárinu

Vísindaráð

Dr. Þóra Jenný Gunnardóttir var tilnefnd af hjúkrunarráði á síðasta starfsári sem varamaður í vísindaráð. Hún óskaði eftir því að losna undan því í haust og var Dr. Sigríður Zoega tilnefnd í hennar stað í lok september 2015. Hjúkrunarráð þakkar Dr. Þóru Jenný vel unnin störf.

Verkefna hópur um skráningu hjúkrunar

Til stóð að loka stýrihópi um skráningu hjúkrunar þar sem framvinduskráning hjúkrunar, sem var helsta verkefni hópsins, hefur verið innleitt á allar deildir spítalans. Settur var saman verkefnahópur um skráningu hjúkrunar í Sögu og var óskað eftir tilnefningu hjúkrunarráðs í hópinn. Æskilegt var að viðkomandi þekkti bæði skráningu legu- og göngudeilda. Hjúkrunarráð tilnefndi Ingu Valborgu Ólafsdóttur sem starfar bæði á göngu- og legudeild fyrir hjartasjúklinga.

Siðfræðinefnd

Linda Kristmundsdóttir var fulltrúi í siðfræðinefnd Landspítala þar til í vor. Þakkar hjúkrunarráð Lindu fyrir sitt framlag. Sigrún Þóroddsdóttir, hjúkrunarfræðingur á barnasviði var tilnefnd í hennar stað.

Nefndir hjúkrunarráðs

Innan hjúkrunarráðs eru starfandi þrjár nefndir. Þeir sem sitja í nefndunum eru kosnir á aðalfundi hjúkrunarráðs til tveggja ára. Nefndirnar eru fræðslunefnd (nú aðalmenn og tveir varamenn), stöðunefnd (þrír aðalmenn og tveir varamenn) og kjörnefnd (þrír aðalmenn og tveir varamenn).

Skýrsla fræðslunefndar 2014-2015

Fræðslunefnd hjúkrunarráðs hefur það hlutverk að skipuleggja reglulega fræðslufundi hjúkrunarráðs og viku hjúkrunar sem haldin er að vori ár hvert. Starfsárið 2014-2015 sátu í fræðslunefndinni sem aðal- og varamenn: Elín Ögmundsdóttir, Elínborg Stefánsdóttir, Elfa Þöll Grétarsdóttir, Friðrikka Guðmundsdóttir, Guðrún Jónsdóttir, Halla Grétarsdóttir, Hanna Kristín Guðjónsdóttir, Hulda Sveinbjörg Gunnarsdóttir, Sigrún Huld Þorgrímsdóttir, Sigurveig Sigurjónsdóttir Mýrdal og Sólborg Ingjaldsdóttir.

Starfsárið 2014-2015 voru haldnir 10 fræðslufundir (sjá dagskrá nr. 9) auk fjölda örfyrirlestra og vinnubúða í viku hjúkrunar. Fundirnir voru ýmist haldnir í Hringstal eða Blásölum og oftast sendur með fjarfundarbúnaði á milli þannig að í flestum tilfellum var hægt að sækja fræðsluna bæði á Hringbraut og í Fossvogi.

Haldið var eitt málþing á vegum fræðslunefndarinnar í samstarfi við Hjúkrunarfræðideild HÍ og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga um fagmennsku í hjúkrun og var það vel sótt. Dagskrá málþingsins má finna í fylgiskjali nr. 6.

Hin árlega vika hjúkrunar var haldin í 10. skipti og að venju í vikunni sem 12. maí, alþjóðadagur hjúkrunarfræðinga og fæðingardagur Florence Nightingale, ber upp á. Tilgangur vikunnar er að gera hjúkrun á LSH sýnilegri. Í ár reyndi fræðslunefnd að koma með fræðsluna nær hjúkrunarfræðingum á deildum með því að setja upp þetta dagskrá af örfyrirlestrum þar sem kynnt voru þau fjölbreyttu og metnaðarfull þróunar- og umbótaverkefni sem unnin hafa verið af hjúkrunarfræðingum spítalans. Alls voru 38 örfyrirlestra haldnir og 8 vinnusmiðjur víðsvegar um húsin í Fossvogi og á Hringbraut. Dagskrána má finna í fylgiskjali 7 a og b. Skemmst er frá því að segja að þrátt fyrir þetta og metnaðarfulla dagskrá virtist áhugi fyrir efninu lítill meðal hjúkrunarfræðinga og yfirmanna þeirra ef taka má mið af mætingu á viðburðina. Auk fyrirlestranna á viku hjúkrunar var hin árlega veggspjaldakynning í Fossvogi og Hringbraut þar sem fjölmörg áhugaverð veggspjöld voru til sýnis. Lista af veggspjaldakynningum er að finna í fylgiskjali nr. 7c.

Fráfarandi fræðslunefnd hefur nú lagt fram drög að dagskrá fræðslufunda fram í febrúar auk þess sem málþing um teymisvinnu hefur verið ákveðið að halda í nóvember og er undirbúningur þess langt kominn.

Með þökk fyrir samstarfið

Elfa Þöll Grétarsdóttir formaður fræðslunefndar og Elínborg Stefánsdóttir ritari, 15. október 2015.

Skýrsla stöðunefndar

Stöðunefnd hjúkrunarráðs 2014 – 2015

Stöðunefnd hjúkrunarráðs tekur til umfjöllunar starfsumsóknir um stöður hjúkrunardeildarstjóra, yfirljósmóður og sérfræðinga í hjúkrun/ljósmóðurfræðum samkvæmt beiðni framkvæmdastjóra hjúkrunar eða framkvæmdastjóra sviða hverju sinni. Mat stöðunefndar byggist eingöngu á innsendum gögnum. Stöðunefnd leitar ekki eftir viðbótarupplýsingum, heldur er það alfarið á ábyrgð umsækjanda að senda inn þau gögn sem nauðsynleg eru.

Í stöðunefnd árið 2014 – 2015 sátu þrír aðalmenn, það eru :

- Auður Ragnarsdóttir
- Hildur Einarsdóttir
- Margrét Guðjónsdóttir

Tveir varamenn voru í nefndinni, það eru :

- Björk Inga Arnórsdóttir
- Hlíf Guðmundsdóttir

Á starfsárinu 2014 – 2015 fékk stöðunefnd til umfjöllunar umsóknir um nfu stöður hjúkrunardeildarstjóra og sjö stöður sérfræðinga í hjúkrun. Þetta voru eftirtaldir stöður :

- Deildarstjóri geislameðferðardeildar – fjórar umsóknir bárust
- Deildarstjóri göngudeildar mæðraveindar og fósturgreiningar – fimm umsóknir bárust
- Hjúkrunardeildarstjóri á móttökugeðdeild – ein umsókn barst
- Hjúkrunardeildarstjóri hjá samfélagsteymi – ein umsókn barst
- Hjúkrunardeildarstjóri bráðadeildar G2 – tvær umsóknir bárust
- Hjúkrunardeildarstjóri bráðadeildar G3 – tvær umsóknir bárust
- Hjúkrunardeildarstjóri á heila- tauga- og bæklunarskurðdeild – ein umsókn barst
- Hjúkrunardeildarstjóri á speglunardeild – tvær umsóknir bárust
- Hjúkrunardeildarstjóri vökudeildar – ein umsókn barst
- Sérfræðingur í endurhæfingarhjúkrun – ein umsókn barst
- Sérfræðingur í hjartahjúkrun – ein umsókn barst
- Sérfræðingur í krabbameinshjúkrun – ein umsókn barst
- Sérfræðingur í krabbameinshjúkrun – endurhæfingu – tvær umsóknir bárust
- Sérfræðingur í krabbameinshjúkrun með áherslu á sjúkdóma í meltingarvegi – ein umsókn barst
- Sérfræðingur í hjúkrun langveikra taugasjúklinga – ein umsókn barst
- Sérfræðingur í smitsjúkdómahjúkrun – ein umsókn barst.

Skýrsla kjörnefndar

Kjörnefnd annast undirbúning og framkvæmd kosninga í stjórn hjúkrunarráðs og nefndir ráðsins. Starfsárið 2014-2015 voru Valgerður Grímsdóttir, Bylgja Kærnested og Ragnheiður Guðmundsdóttir aðalmenn. Varamenn voru Linda Björnsdóttir og Brynhildur Jónasdóttir. Kjörnefnd hittist þrisvar sinnum á starfsárinu.

Nefndir á vegum Landspítala með fulltrúa sem hjúkrunarráð tilnefnir

Hjúkrunarráð tilnefnir fulltrúa í vísindaráð, siðfræðinefnd, siðanefnd Landspítala og aðrar nefndir sem fjalla um málefni hjúkrunar eftir því sem við á. Aðrar nefndir með fulltrúa tilnefndann af hjúkrunarráði eru stýrinefnd um skráningu hjúkrunar, eftirlitsnefnd um rafræna sjúkraskrá og verkefna hópur um skráningu hjúkrunar.

Skýrsla vísindaráðs Landspítala 2014

Vísindasjóður

Vísindasjóður Landspítala er rannsóknarsjóður, sem árlega veitir rúmlega 80 milljónum króna í rannsóknarstyrki til starfsmanna spítalans. Vísindasjóður var formlega stofnaður á árinu 2000 við sameiningu vísindasjóða Landspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur og voru fyrstu styrkveitingar úr sjóðnum á árinu 2002. Stjórn Vísindasjóðs ákveður hverjir fá styrki úr sjóðnum, með hliðsjón af umsögnum frá Vísindaráði Landspítala.

Stjórn vísindasjóðs Landspítala

Páll Matthíasson forstjóri og formaður
Gísli H. Sigurðsson yfirlæknir og prófessor
Sigríður Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar
Ólafur Baldursson framkvæmdastjóri lækninga
Rúnar Bjarni Jóhannsson deildarstjóri reikningshalds

Vísindaráð

Vísindaráð er framkvæmdastjórn til ráðgjafar um vísindastefnu og vísindastarf á sjúkrahúsinu gagnvart háskólastofnunum og öðrum. Vísindaráð er vísinda- og þróunarsviði Landspítala til ráðgjafar um þau verkefni þess sem snúa að háskóla- og vísindastarfi og þróun heilbrigðisvísinda.

Vísindaráð á aðild að úthlutun styrkja úr Vísindasjóði Landspítala samkvæmt reglum sjóðsins, og semur matsreglur í samræmi við alþjóðlegar viðmiðanir, með hliðsjón af matsreglum íslenskra háskóla. Þá er Vísindaráð til ráðgjafar við veitingu viðurkenninga fyrir vísindastörf á spítalanum.

Árlega eru haldnir vísindadagar, Vísindi á vordögum, þar sem vísindaniðurstöður eru kynntar fyrir starfsfólki spítalans, fræðimönnum og almenningi. Einnig eru veitt verðlaun til vísindamanna og styrkir veittir úr Vísindasjóði Landspítala.

Vísindaráð LSH er skipað tíu mönnum til fjögurra ára í senn. Verkefnastjóri Vísindaráðs er Sigríður Sigurðardóttir, vísinda- og þróunarsviði. Á árinu 2014 voru haldnir 20 fundir í Vísindaráði.

Vísindaráð skipa:

Gísli H. Sigurðsson læknir (formaður), tilnefndur af lækna ráði Landspítala

Guðrún Kristjánsdóttir hjúkrunarfræðingur (varaformaður), tilnefnd af hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands

Arnar Geirsson læknir, tilnefndur af læknadeild Háskóla Íslands

Helga Gottfreðsdóttir hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af hjúkrunarráði Landspítala

Ingibjörg Hjaltadóttir hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af hjúkrunarráði Landspítala

Jón Friðrik Sigurðsson sálfræðingur, tilnefndur af forstjóra Landspítala

Jóna Freysdóttir náttúrufræðingur, tilnefnd af forstjóra Landspítala

Sigurður Yngvi Kristjánsson læknir, tilnefndur af læknadeild Háskóla Íslands

Þorvarður Jón Löve læknir, tilnefndur af lækna ráði Landspítala

Þórarinn Guðjónsson náttúrufræðingur, tilnefndur af forstjóra Landspítala

Varamenn:

Anna Margrét Halldórsdóttir læknir, tilnefnd af læknadeild Háskóla Íslands

Auðna Ágústsdóttir hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af hjúkrunarráði Landspítala

Bertrand Lauth læknir, tilnefndur af læknadeild Háskóla Íslands

Herdís Sveinsdóttir hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands

Inga Reynisdóttir náttúrufræðingur, tilnefnd af forstjóra Landspítala

Ingibjörg Jóna Guðmundsdóttir læknir, tilnefnd af lækna ráði Landspítala

Ingibjörg Gunnarsdóttir næringarfræðingur, tilnefnd af forstjóra Landspítala

Jón Jóhannes Jónsson læknir, tilnefndur af lækna ráði Landspítala

Paolo Gargiulo verkfræðingur, tilnefndur af forstjóra Landspítala

Þóra Jenný Gunnarsdóttir hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af hjúkrunarráði Landspítala

Vísindi á vordögum

Dagskrá Vísinda á vordögum hófst árið 2014 þann 7. maí

Sama dag var opnuð rás á heimasíðu Landspítala með 55 örfyrirlestra um vísindaleg verkefni starfsmanna spítalans.

Forstjóri, heilbrigðisráðherra og rektor Háskóla Íslands fluttu ávörp. Fræðileg erindi voru haldin og forstjóri afhenti verðlaun og styrki úr Vísindasjóði.

Heiðursvísindamaður ársins að þessu sinni var dr. Erla Kolbrún Svavarsdóttir hjúkrunarfræðingur og prófessor. Ungur vísindamaður ársins var dr. Erla Björnsdóttir sálfræðingur og héldu þær báðar erindi.

Á árinu bárust alls 164 styrkumsóknir til Vísindasjóðs. Vísindaráð hafði umsjón með mati umsókna og alls voru á árinu veittir 122 styrkir, samtals 84 milljónir króna, við fjórar úthlutanir:

Nýsköpunarstyrkir voru veittir í ársbyrjun, samtals, 2 styrkir, samtals 6 milljónir króna.

Vorstyrkir Vísindasjóðs: Á vísindadögum voru veittir 106 vísindastyrkir. Samtals 53 millj.kr.

Hvatningarstyrkir til sterkra rannsóknahópa sem þegar hefðu öðlast alþjóðlega viðurkenningu. Þrír styrkir voru veittir 2. desember, samtals 15 milljónir kr.

Styrkir til ungra vísindamanna: 18. desember voru veittir 10 styrkir til ungra starfsmanna sem stunda klínískar rannsóknir, samtals 10 milljónir króna.

Hvatningarstyrkir 2014

Engilbert Sigurðsson yfirlæknir og prófessor, geðsvið
Þróun og innleiðing mats á vitrænni getu nýgreindra geðklofasjúklinga sem byggir á íslenskum viðmiðum og leggur grunn að vitrænni endurhæfingu

Helstu samstarfsmenn:

Brynja B. Magnúsdóttir sálfræðingur Landspítala og aðjúnkt við HR, Magnús Haraldsson dósent og geðlæknir HÍ, Landspítala, Nanna Briem geðlæknir Landspítala, Þuríður Þórðardóttir læknaritari, Sigurlaug J. Sigurðardóttir læknaritari, Bertrand Lauth lektor og barna- og unglingageðlæknir HÍ, Landspítala, Hreinn Stefánsson lífefnafræðingur/yfirmaður erfðarannsókna á miðtaugakerfi hjá Íslenskri erfðagreiningu, Stacy Steinberg tölfræðingur Íslenskri erfðagreiningu, Kári Stefánsson prófessor HÍ og forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, Evald Sæmundsen sálfræðingur Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Stefán Hreiðarsson barnalæknir Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, David Collier áður prófessor Institute of Psychiatry London, nú hjá Eli Lilly, Bretlandi, Dan Rujescu prófessor og geðlæknir University of Halle, Þýskalandi, Ina Giegling sálfræðingur University of Halle, Þýskalandi, Ulrich Ettinger prófessor og sálfræðingur University of Bonn, Þýskalandi, Ole Andreassen prófessor og geðlæknir við Háskólann í Osló.

Jón Jóhannes Jónsson yfirlæknir og prófessor, rannsóknarsvið, erfða- og sameindalæknisfræðideild
Skemmdir á erfðaeefni í líkamsvökvum við meðferðargreiningu illkynja sjúkdóma

Helstu samstarfsmenn:

Bjarki Guðmundsson, sameindalíffræðingur og doktorsnemi erfða- og sameindalæknisfræðideild LSH, Hans Guttormur Þormar, framkvæmdastjóri, Lífeind ehf., Hlíf Steingrímsdóttir framkvæmdastjóri, lyflækningasvið, Landspítali, Helgi Sigurðsson, prófessor og yfirlæknir, krabbameinslækningadeild, Landspítali. Agata Smogorzewska, dósent, Laboratory of Genome Maintenance, Rockefeller University, M. Stephen Meyn, prófessor, University of Toronto og Hospital for Sick Children

Ragnar Bjarnason yfirlæknir og prófessor

Kvenna-og barnasvið, Barnalæknisfræði

Heilsueflandi snjallsímahugbúnaður fyrir ungt fólk

Helstu samstarfsmenn:

Erlendur Egilsson, sálfræðingur og doktorsnemi, Tryggvi Þorgeirsson, læknir og doktorsnemi, Unnur A. Valdimarsdóttir, dósent við Háskóla Íslands, Thor Aspelund, dósent við heilbrigðisvísindasvið hjá Miðstöð í lýðheilsuvísindum og tölfræðingur hjá Hjartavernd, Hans-Olov Adami, prófessor emeritus við Karólínska institute og Harvard Public Health, Jonas F. Ludvigsson, prófessor við Karolinska Institutet, Ichiro Kawachi, prófessor við Harvard Medical School, Anna Sigríður Ólafsdóttir, dósent menntavísindasviði Háskóla Íslands, Pétur Júlíusson, barnalæknir Bergen University, Todd G. Reid, Harvard MIT Boston, Soffía Guðbjörnsdóttir, dósent Göteborgs Universitet og forstöðumaður National Diabetes Register í Svíþjóð, Sæmundur Oddsson, Salgrenska University Hospital og National Diabetes Register í Svíþjóð.

Styrkir til ungra vísindamanna 2014

Anna Kristín Þórhallsdóttir læknir, lyflækningasvið Landspítala

Meðumsækjandi: Þórarinn Gíslason yfirlæknir, lyflækningasviði.

Rannsókn: Evrópukönnunin Lungu og Heilsa III: Ofnæmi á Íslandi

Aðrir samstarfsmenn: Davíð Gíslason ofnæmislæknir, lyflækningasviði Landspítala, Michael V.

Clausen barna- og ofnæmislæknir, Barnaspítali Hringins, Bryndís Benediktsdóttir, heimilislæknir og prófessor, Heilsugæslustöð Garðabæjar og lyflækningasviði Landspítala og Christer Janson, prófessor, Akademiska Sjukhuset, Uppsölum.

Arnar Jan Jónsson læknir, lyflækningasvið Landspítala

Meðumsækjandi: Runólfur Pálsson yfirlæknir, lyflækningasviði.

Langvinnur nýrnasjúkdómur á Íslandi 2008-2013

Aðrir samstarfsmenn: Ólafur Skúli Indriðason, sérfræðingur í nýrnalækningum, lyflækningasviði Landspítala.

Berglind María Jóhannsdóttir læknir, lyflækningasvið Landspítala

Meðumsækjandi: Hrefna Guðmundsdóttir nýrnalæknir, lyflækningasviði Landspítala.

Áhrif æðakölkunar og blóðfitu á framrás nýrnabilunar

Aðrir samstarfsmenn: Ólafur Skúli Indriðason, sérfræðingur í nýrnalækningum, Landspítali, Gunnar Sigurðsson, sérfræðingur í innkirtla- og efnaskiptalækningum, Landspítali, Hjartavernd, Háskóli Íslands, Runólfur Pálsson, sérfræðingur í nýrnalækningum og prófessor, Landspítali og HÍ, Margrét Birna Andrésdóttir, sérfræðingur í nýrnalækningum, Landspítali, Lesley Inker, sérfræðingur í nýrnalækningum, Tufts Medical Center, Boston, Vilmundur Guðnason, forstöðumaður Hjartaverndar og prófessor, Hjartavernd, Háskóli Íslands og Thor Aspelund, tölfræðingur og dósent, Hjartavernd, HÍ.

Erna Sigmundsdóttir læknir, skurðlækningasvið Landspítala

Meðumsækjandi: Páll H. Möller yfirlæknir, skurðlækningasvið Landspítala.

Aðgerðartengd afdrif sjúklunga eftir kviðarholsskurðaðgerðir á LSH, framsýn klínísk rannsókn

Aðrir samstarfsmenn: Gísli H. Sigurðsson, prófessor og yfirlæknir, Landspítala og Elva Dögg Brynjarsdóttir aðstoðarlæknir, Sjúkrahúsið á Akureyri.

Jóhann Páll Hreinsson læknir, lyflækningasvið Landspítala

Meðumsækjandi: Einar S. Björnsson, yfirlæknir og prófessor, lyflækningasviði Landspítala.

Horfur ristil- og endaparmskrabbameinssjúklunga sem eru á blóðþynningu

Aðrir samstarfsmenn: Tryggvi Stefánsson skurðlæknir, skurðlækningasviði Landspítala.

Marta Serwatko heilbrigðisverkfræðingur, lyflækningasviði Landspítala

Meðumsækjandi: Erna Sif Arnardóttir líffræðingur, lyflækningasvið

Ný mælingaraðferð til mats á öndunarerfiði í svefni

Aðrir samstarfsmenn: Þórarinn Gíslason, yfirlæknir og prófessor, lyflækningasviði Landspítala og Háskóli Íslands, Karl Ægir Karlsson prófessor, Háskólinn í Reykjavík og Sveinbjörn Höskuldsson verkfræðingur, Nox Medical.

Rúnar Bragi Kvaran læknir, aðgerðasvið Landspítala

Meðumsækjandi: Gísli Heimir Sigurðsson yfirlæknir, aðgerðasviði Landspítala.

D-vítamínþúskapur hjá bráðveikum sjúklingum

Aðrir samstarfsmenn: Sigurbjörg J. Skarphéðinsdóttir sérfræðilæknir, aðgerðasviði Landspítala, Sigurbergur Kárason yfirlæknir, aðgerðasviði Landspítala, Martin I. Sigurðsson læknir, svæfinga- og gjörgæsludeild, Brigham & Women's Hospital, Boston, Kirk Hogan prófessor, svæfinga- og gjörgæsludeild, University of Wisconsin, Madison, Neil Binkley prófessor, rannsóknardeild, University of Wisconsin, Madison, Josh Coon prófessor, rannsóknardeild, Creighton University, Omaha.

Sigrún Sunna Skúladóttir hjúkrunarfræðingur, flæðissvið Landspítala

Meðumsækjandi: Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir verkefnastjóri, flæðissviði Landspítala.

Mjaðmabrot meðal 67 ára og eldri sem leituðu á bráðamóttöku Landspítala 2008-2012

Aðrir samstarfsmenn: Elísabet Guðmundsdóttir verkefnastjóri/hjúkrunarfræðingur, fjármálasviði Landspítala, Hlíf Guðmundsdóttir, sérfræðingur í öldrunarhjúkrun. Lovísa Jónsdóttir, hjúkrunarfræðingur og aðstoðardeildarstjóri. Helga Rósa Másdóttir, hjúkrunarfræðingur og aðstoðardeildarstjóri. Ingibjörg Sigurþórsdóttir hjúkrunarfræðingur, allar á flæðissvið Landspítala og Sigrún Helga Lund tölfræðingur, HÍ.

Sindri Aron Viktorsson læknir, aðgerðarsvið Landspítala

Meðumsækjandi: Tómas Guðbjartsson, yfirlæknir og prófessor, skurðlækningasviði Landspítala.

Samanburður á lifun sjúklinga eftir ósæðarlokuskipti og Íslendinga af sama aldri og kyni

Aðrir samstarfsmenn: Thor Aspelund tölfræðingur, Háskóli Íslands og Arnar Geirsson, sérfræðilæknir í hjarta- og lungnaskurðlækningum, skurðlækningasviði Landspítala.

Þórir Einarsson Long læknir, lyflækningasvið Landspítala

Meðumsækjandi: Ólafur Skúli Indriðason sérfræðilæknir, lyflækningasviði Landspítala.

Faraldsfræði og árangur bráðs nýrnaskaða eftir skurðaðgerðir á Íslandi

Aðrir samstarfsmenn: Martin Ingi Sigurðsson, sérnámslæknir í svæfinga- og gjörgæslulæknisfræði, Brigham and Women's Hospital/Harvard Medical School, Boston, Tómas Guðbjartsson, yfirlæknir og prófessor, skurðlækningasvið Landspítala og HÍ, Gísli Heimir Sigurðsson, yfirlæknir og prófessor, aðgerðasvið Landspítala og HÍ, Daði Helgason læknanemi, Landspítali og HÍ og Sólveig Helgadóttir deildarlæknir, Landspítali og HÍ.

Ársskýrsla stýrinesndar um skráningu hjúkrunar 2015

Varðandi ný hjúkrunarferli í Sögu

Verkefninu „Fagleg endurgerð hjúkrunarferla“ lauk í desember 2014 og eftir þá vinnu urðu 197 ný hjúkrunarferli aðgengileg í rafrænni sjúkraskrá. Þessi hjúkrunarferli voru unnin af sérfræðingum í hjúkrun, ljósmæðrum og hjúkrunarfræðingum á deildum með stuðningi hjúkrunardeildarstjóra, forstöðumanna fræðasviða og formanna fagráða og -hópa. Hjúkrunarferlin og þær verklagsreglur sem þau byggja á munu án efa auka öryggi sjúklinga og gæði hjúkrunar á Landspítala.

Störf siðfræðinefndar Landspítala 2013-2014

Megin verkefni siðfræðinefndar er að vera vettvangur um siðfræðileg málefni innan Landspítalans og taka þátt í að móta stefnu og starfsaðferðir sjúkrahússins í siðfræðilegum álitamálum.

Siðfræðinefnd er skipuð sjö mönnum þar af á hjúkrunarráð einn fulltrúa.

Forstjóri skipar formann, sem er Jón Eyjólfur Jónsson, yfirlæknir.

Það voru margvísleg erindi sem bárust, sem nefndin fjallaði um á fundum sínum 2014-15 og veitti m.a. umsagnir og leiðbeiningar:

Helstu mál voru m.a.:

- Siðfræðinefnd ræddi spurningar varðandi meðferðarúræði við (vegna) bráðsmitandi lífshættulega sjúkdóma.
- Forstjóri Landspítala vísaði til Siðfræðinefndar „Reglum um mynd- og hljóðupptökur á Landspítala“
- Rætt um mönnunarmál, viðhorf og álag á starfsfólk og stöðu Landspítala á umrótartímum.

Reykjavík 27.október 2015/ Sigrún Þóroddsdóttir fulltrúi hjúkrunarráðs

Eftirlitsnefnd um rafræna sjúkraskrá

Eftirlitsnefnd með notkun rafrænnar sjúkraskrá 2014 – 2015

Eftirlitsnefnd með rafrænni sjúkraskrá starfa samkvæmt erindisbréfi frá 2010. Undirrituð er fulltrúi hjúkrunarráðs í nefndinn og aðrir nefndarmenn eru: Níels Chr. Nielsen, formaður, Halldóra Jónsdóttir yfirlæknir, fulltrúi læknaáráðs og Jóhann Bjarni Magnússon, gæðastjóri á heilbrigðis- og upplýsingatæknideild.

Nefndin hefur ekki fasta fundi, en er kölluð saman þegar tilefni gefast. Haldnir hafa verið tveir fundir s.l. starfsár.

Um starf nefndarinnar vísast að öðru leiti í ársskýslu nefndarinnar frá 6. ágúst 2015.

Reykjavík, 29. okt. 2015.

Hildur Einarsdóttir

Hildur Einarsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun

Ársskýrsla siðanefndar

Siðanefnda heilbrigðisupplýsinga á Landspítala 2014, stutt samantekt

Elísabet Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri er fulltrúi Hjúkrunarráðs í Siðanefnd vísindarannsókna á Landspítala. Hún er varaformaður nefndarinnar. Anna Ólafía Sigurðardóttir, hjúkrunarfræðingur er varamaður.

Siðanefnd heilbrigðisupplýsinga á Landspítala er þverfagleg nefnd sem starfar á ábyrgð framkvæmdastjórnar spítalans skv. lögum um réttindi sjúklinga og skv. reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðisviði nr. 286/2008. Nefndin veitir leyfi fyrir framkvæmd vísindarannsókna á heilbrigðisviði, sem gerðar eru á sjúkrahúsinu og vísindarannsóknir á heilbrigðisviði, sem gerðar eru í samstarfi Landspítala og Háskóla Íslands eða Háskólans á Akureyri. Óheimilt er að framkvæma vísindarannsókn á mönnum nema hún hafi áður hlotið samþykki siðanefndar. Alls voru haldnir 16 fundir á árinu 2014. Fjöldi erinda var sem hér segir:

oo


Nýjar umsóknir	53
Viðbætur/breytingar	19
Fyrirspurnir	66
Samtals	138

Yfirlit yfir fjölda nýrra umsókna s.l. 5 ár.

2010	2011	2012	2013	2014
67	64	54	56	53

Nýjar umsóknir voru 53. Af nýjum umsóknum voru námsverkefni 20 og 12 meistara- og doktorsverkefni. Heilarfjöldi umsókna stendur í stað milli ára.

Umsóknir hjúkrunarfræðinga /ljósmæðra til siðanefndar LSH sl. 8 ár (n=76!)



Þessu til viðbótar er samvinna við lækna í rannsóknum umfangsmikil t.d. við verkefnastjórnun og gagnaöflun.

Fylgiskjal 1

Aðalfundur Hjúkrunarráðs LSH

Dagsetning: 22. október 2014

Fundartími: Kl. 13:00

Staðsetning: Hringsalur

Fundarstjóri: Gyða Baldursdóttir

Fundarritari: Ragnheiður Guðmundsdóttir

1. Skýrsla stjórnar 2013 - 2014

Guðný Friðriksdóttir formaður hjúkrunarráðs flutti skýrslu stjórnar. Skýrslan er birt á innri vef LSH og send í tölvupósti til hjúkrunarráðs. Hana er [hægt að sjá hér](#).

2. Skýrslur nefnda

Fræðslunefnd: Ingibjörg Guðmundsdóttir gerði grein fyrir störfum fræðslunefndar fyrir hönd nefndarinnar.

Stöðunefnd: Hildur Einarsdóttir fulltrúi í stöðunefnd gerði grein fyrir störfum nefndarinnar. Nefndin fór yfir umsóknir um tvær stöður hjúkrunardeildarstjóra og fjórar stöður sérfræðinga í hjúkrun. Þá barst, eftir að stöðunefnd skilaði inn ársskýrslu, ósk um umsögn um stöðu hjúkrunardeildarstjóra. Stöðunefnd 2013-2014 sá um þá umsögn. Nefndin er kölluð saman þegar erindi berast.

Kjörnefnd: Kjörnefnd annast undirbúning og framkvæmd kosninga í stjórn og nefndir hjúkrunarráðs. Kjörnefnd kom tvisvar saman á starfsárinu.

Allar skýrslur nefnda er [hægt að sjá hér](#).

3. Kosning hjúkrunarráðs

Valgerður Grímsdóttir fulltrúi í kjörnefnd kynnti framboð til stjórnar og nefnda.

Framboð voru eftirfarandi:

- Framboð í framkvæmdastjórn hjúkrunarráðs:
 - Ritari: Ragnheiður Guðmundsdóttir, E-2
- Framboð í stjórn hjúkrunarráðs
 - Aðalmaður fyrir geðsvið: Júlía Björnsdóttir, 33-C
 - Varamaður fyrir geðsvið: Stefanía Sæmundsdóttir, 33-A
 - Aðalmaður fyrir kvenna- og barnasvið: Tinna Daníelsdóttir, 21-A og Þórunn Sigurbjörg Berg 21-A
 - Varamaður fyrir kvenna- og barnasvið: Jóhanna Elísdóttir, 21-A
 - Aðalmaður fyrir skurðlækningasvið: Elinóra Friðriksdóttir, 12-E
 - Varamaður fyrir skurðlækningasvið: Ingibjörg Guðmundsdóttir, A-4

Tvö framboð bárust í embætti aðalmanns fyrir kvenna- og barnasvið og var kosið með skriflegri kosningu í embættið. Tinna Daníelsdóttir hlaut meirihluta atkvæða. Eitt framboð barst í hvert embætti og var kosning í þau embætti samþykkt með lófataki.

4. Kosning nefnda hjúkrunarráðs

Framboð í fræðslunefnd hjúkrunarráðs

Aðalmenn í fræðslunefnd

Elín Ögmundsdóttir, 23-D

Sigurveig Sigurjónsdóttir, göngudeild Kleppi

Framboð í stöðunefnd hjúkrunarráðs

Aðalmenn í stöðunefnd

Hildur Einarsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun

Margrét Guðjónsdóttir, Skrifstofa framkvæmdastjóra hjúkrunar

Hvorki bárust mótframboð í fræðslunefnd né stöðunefnd og voru frambjóðendur því sjálfkjörnir.

5. Önnur mál

Guðný Friðriksdóttir formaður hjúkrunarráðs bar upp fyrir hönd stjórnar tillögu að breytingu á 3. og 5. grein starfsreglna hjúkrunarráðs Landspítala.

3. grein fjallar um skipan stjórnar og var fyrir breytingu á þennan veg:

Stjórn hjúkrunarráðs skipa formaður, varaformaður, ritari og tíu fulltrúar frá klínískum sviðum spítalans: þrír frá lyflækningasviði, þrír frá skurðlækningasviði tveir frá kvenna og barnasviði, einn frá geðsviði og einn frá bráðasviði. Hjúkrunarfræðingar sem starfa utan framantalinna sviða eiga einn sameiginlegan fulltrúa. Framkvæmdarstjórn stjórnar hjúkrunarráðs skipa formaður, varaformaður og ritari. Fulltrúarnir eru kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn, úr hópi hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra í hjúkrunarráði. Kosningin skal vera skrifleg ef þess er óskað. Einfaldur meirihluti ræður. Ef atkvæði falla jöfn skal hlutkesti ráða. Varamenn eru kosnir á sama hátt, einn fyrir hvern aðalfulltrúa. Framkvæmdarstjórn Landspítala skulu ekki sitja í stjórn hjúkrunarráðs. Hver stjórnarmaður skal ekki sitja lengur í stjórn en tvö kjörtímabil í senn en getur gefið kost á sér að nýju að einu kjörtímabili liðnu. Hætti stjórnarmaður, áður en kjörtímabil tekur enda, tekur varamaður sæti hans. Fráfarandi stjórnarmaður og varamaður hans bera þá ábyrgð á að finna nýjan varamann í samráði við kjörnefnd. Hætti formaður áður en kjörtímabil tekur enda skal varaformaður taka við fram að næsta aðalfundi. Ef svo stendur á, að bæði formaður og varaformaður eru fjarverandi, gegnir ritari hlutverki formanns.

Eftir umræður um orðalag og tilgang breytinga var eftirfarandi breyting samþykkt á fundinum:

3. grein

Stjórn hjúkrunarráðs skipa formaður, varaformaður, ritari og ellefu fulltrúar frá klínískum sviðum spítalans: tveir frá lyflækningasviði, tveir frá flæðissviði, tveir frá skurðsviði, tveir frá aðgerðasviði, tveir frá kvenna- og barnasviði og einn frá geðsviði. Hjúkrunarfræðingar sem starfa utan framantalinna sviða eiga einn sameiginlegan fulltrúa. Framkvæmdarstjórn stjórnar hjúkrunarráðs skipa formaður, varafor-

maður og ritari. Fulltrúarnir eru kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn, úr hópi hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra í hjúkrunarráði. Kosningin skal vera skrifleg ef þess er óskað. Einfaldur meirihluti ræður. Ef atkvæði falla jöfn skal hlutkesti ráða. Varamenn eru kosnir á sama hátt, einn fyrir hvern aðalfulltrúa. Framkvæmdarstjórn Landspítala skulu ekki sitja í stjórn hjúkrunarráðs. Hver stjórnarmaður skal ekki sitja lengur í stjórn en tvö kjörtímabil í senn en getur gefið kost á sér að nýju að einu kjörtímabili liðnu. Hætti stjórnarmaður, áður en kjörtímabil tekur enda, tekur varamaður sæti hans. Fráfarandi stjórnarmaður og varamaður hans bera þá ábyrgð á að finna nýjan varamann í samráði við kjörnefnd og skulu þeir sitja út kjörtímabilið. Hætti formaður áður en kjörtímabil tekur enda skal varaformaður taka við fram að næsta aðalfundi. Ef svo stendur á, að bæði formaður og varaformaður eru fjarverandi, gegnir ritari hlutverki formanns

5. grein var fyrir breytingu á þennan veg:

Fræðslunefnd

Í fræðslunefnd skulu sitja níu fulltrúar og tveir til vara. Fulltrúar fræðslunefndar skulu kosnir á aðalfundi hjúkrunarráðs til tveggja ára í senn. Nefndin hefur frumkvæði að og skipuleggur fræðslufundi, námskeið, ráðstefnur og annað er lýtur að símenntun starfsfólks í hjúkrun.

Kjörnefnd

Í kjörnefnd skulu sitja þrjú fulltrúar og tveir til vara. Fulltrúar kjörnefndar skulu kosnir á aðalfundi hjúkrunarráðs til tveggja ára í senn. Kjörnefnd annast undirbúning og framkvæmd kosninga í stjórn hjúkrunarráðs og í nefndir ráðsins. Nefndin er kölluð saman af stjórn hjúkrunarráðs sex vikum fyrir aðalfund og skal auglýst eftir framboðum til stjórnar fjórum vikum fyrir aðalfund. Kjörnefnd annast einnig þær atkvæðagreiðslur aðrar sem stjórn hjúkrunarráðs kann að fela henni.

Stöðunefnd

Í stöðunefnd skulu sitja þrjú fulltrúar og tveir til vara. Fulltrúar stöðunefndar skulu kosnir á aðalfundi hjúkrunarráðs til tveggja ára í senn. Stöðunefnd tekur til umfjöllunar starfsumsóknir um stöður hjúkrunardeildarstjóra/yfirljósmóður og sérfræðinga í hjúkrun samkvæmt beiðni framkvæmdarstjóra hjúkrunar/framkvæmdastjóra sviða hverju sinni. Mat stöðunefndar byggist eingöngu á innsendum gögnum. Stöðunefnd leitar ekki eftir viðbótarupplýsingum, heldur er það alfarið á ábyrgð umsækjenda að senda inn þau gögn sem nauðsynleg eru samkvæmt auglýsingu eða þeir vilja að komi til mats hjá stöðunefnd.

Starfshættir nefnda

Eftir aðalfund kallar stjórn hjúkrunarráðs nefndirnar saman í fyrsta sinn. Nefndir hjúkrunarráðs starfa í umboði stjórnar ráðsins og ber að gera grein fyrir störfum sínum hálfum mánuði fyrir aðalfund. Stjórn hjúkrunarráðs getur skotið til nefnda, hverjum þeim málum sem þurfa þykir hverju sinni. Nefndarmenn skipta með sér verkum innbyrðis og kjósa sér formann. Nefndir skulu skrá fundargerðir og senda þær formanni stjórnar hjúkrunarráðs.

Eftir umræður um orðalag og tilgang breytinga var eftirfarandi breyting samþykkt á fundinum:

5. grein

Fræðslunefnd

Í fræðslunefnd skulu sitja níu fulltrúar og tveir til vara. Fulltrúar fræðslunefndar skulu kosnir á aðalfundi hjúkrunarráðs til tveggja ára í senn. Hver fulltrúi skal ekki sitja lengur en þrjú kjörtímabil í senn sem aðalmaður. Nefndin hefur frumkvæði að og skipuleggur fræðslufundi, námskeið, ráðstefnur og annað er lýtur að símenntun starfsfólks í hjúkrun.

Kjörnefnd

Í kjörnefnd skulu sitja þrjú fulltrúar og tveir til vara. Fulltrúar kjörnefndar skulu kosnir á aðalfundi hjúkrunarráðs til tveggja ára í senn. Hver fulltrúi skal ekki sitja lengur en þrjú kjörtímabil í senn sem aðalmaður. Kjörnefnd annast undirbúning og framkvæmd kosninga í stjórn hjúkrunarráðs og í nefndir ráðsins. Nefndin er kölluð saman af stjórn hjúkrunarráðs sex vikum fyrir aðalfund og skal auglýst eftir framboðum til stjórnar fjórum vikum fyrir aðalfund. Kjörnefnd annast einnig þær atkvæðagreiðslur aðrar sem stjórn hjúkrunarráðs kann að fela henni

Stöðunefnd

Í stöðunefnd skulu sitja þrjú fulltrúar og tveir til vara. Fulltrúar stöðunefndar skulu kosnir á aðalfundi hjúkrunarráðs til tveggja ára í senn. Hver fulltrúi skal ekki sitja lengur en þrjú kjörtímabil í senn sem aðalmaður. Stöðunefnd tekur til umfjöllunar starfsúmsóknir um stöður hjúkrunardeildarstjóra/yfirljósmóður og sérfræðinga í hjúkrun samkvæmt beiðni framkvæmdarstjóra hjúkrunar/framkvæmdastjóra sviða hverju sinni. Mat stöðunefndar byggist eingöngu á innsendum gögnum. Stöðunefnd leitar ekki eftir viðbóturupplýsingum, heldur er það alfarið á ábyrgð umsækjenda að senda inn þau gögn sem nauðsynleg eru samkvæmt auglýsingu eða þeir vilja að komi til mats hjá stöðunefnd

Starfshættir nefnda

Eftir aðalfund kallar stjórn hjúkrunarráðs nefndirnar saman í fyrsta sinn. Nefndir hjúkrunarráðs starfa í umboði stjórnar ráðsins og ber að gera grein fyrir störfum sínum hálfum mánuði fyrir aðalfund. Stjórn hjúkrunarráðs getur skotið til nefnda, hverjum þeim málum sem þurfa þykir hverju sinni. Nefndarmenn skipta með sér verkum innbyrðis og kjósa sér formann. Nefndir skulu skrá fundargerðir og senda þær formanni stjórnar hjúkrunarráðs.

Þá lagði Guðný fram tillögur að ályktunum fyrir hönd stjórnar hjúkrunarráðs og voru eftirfarandi tillögur samþykktar eftir nokkra umræðu.

Ályktanir á aðalfundi hjúkrunarráðs Landspítala 22. október 2014

Hjúkrunarráð Landspítala ályktar um stöðu hjúkrunar á Landspítala

Hjúkrunarráð hefur ítrekað bent á að álag á hjúkrunarfræðinga spítalans er viðvarandi of mikið og mönnum víða ekki í takt við fjölda sjúklinga og mælingar á hjúkrunarþyngd.

Sérhæfing innan hjúkrunar hefur aukist með flóknari meðferðum og veikari sjúklingum. Með auknu álagi og skorti á hjúkrunarfræðingum krepptur að þróun fagmennsku og þekkingar í starfi sem skilar sér í minni starfsánægju og verri þjónustu. Fyrirsjáanlegur skortur á hjúkrunarfræðingum er áhyggjuefni en vaxandi landflótti hjúkrunarfræðinga og ónóg nýliðun stéttarinnar er staðreynd, sem verður að bregðast við.

Hjúkrunarráð tekur undir nýlegar ábendingar Embættis landlæknis að gera þurfi starfsgreiningu á störfum hjúkrunarfræðinga og annarra starfstétta og manna í samræmi við það.

Fjársvelti Landspítalans er ekki á ábyrgð heilbrigðisstarfsmanna og ótækt að gera kröfur um að þeir tryggja örugga þjónustu við ófullnægjandi aðstæður.

Hjúkrunarráð skorar á stjórnvöld að auka fjárveitingar til að bæta kjör og starfsaðstæður hjúkrunarfræðinga og tryggja þannig betri og öruggari þjónustu til framtíðar

Ályktun um endurnýjun húsakosts Landspítala

Hjúkrunarráð ályktar enn og aftur um nauðsynlega endurnýjun húsakosts Landspítala. Núverandi húsnæði Landspítala er hvorki boðlegt sjúklingum né starfsfólki og hentar ekki nútíma heilbrigðisþjónustu. Húsnæðið ógnar öryggi sjúklinga sér í lagi ef horft er til sýkingavarna og dæmin sanna að það getur reynst heilsuspillandi fyrir sjúklinga og starfsfólk. Áhætta og óþægindi fyrir sjúklinga hljóttast af því að spítalinn er á mörgum stöðum og kostnaður vegna flutninga milli húsa, eykst ár frá ári.

Núverandi húsnæði Landspítala setur skorður hvað varðar endurnýjun tækja þar sem burðarþol, lofthæð og stærðir rýma eru ófullnægjandi. Þótt nægilegt fjármagn fengist til tækjakaupa væri ekki hægt að koma öllum nauðsynlegum tækjum fyrir.

Landspítali er þjóðarsjúkrahús Íslendinga og það eru hagsmunir landsmanna allra að húsnæðið sé endurnýjað og fært að kröfum nútímans.

Hjúkrunarráð fagnar aukinni umræðu um uppbyggingu og framkvæmdir húsakosts Landspítala en það eru mikil vonbrigði að ekki hafi verið gert ráð fyrir frekara fjármagn til undirbúnings framkvæmda í fjárlögum ársins 2015. Hjúkrunarráð hvetur stjórnvöld til að finna leiðir til að hefja framkvæmdir við að bæta húsakost Landspítala hið fyrsta.

Venjulegum aðalfundarstörfum var lokið kl. 14:20.

Erindi: Pörupiltar komu á fund hjúkrunarráðs og ræddu um heilsu og heilbrigði eins og þeim einum er lagið.

Guðný Friðriksdóttir formaður hjúkrunarráðs þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum góð störf og lýsti tilhlökkun að takast á við verkefni með hjúkrunarráði. Gyða Baldursdóttir óskaði nýjum stjórnarmönnum til hamingju og sleit fundi.

Fylgiskjal 2a

OPINN FUNDUR HJÚKRUNARRÁÐS LSH

21. APRÍL Í HRINGSAL

FLÆÐI SJÚKLINGA Á LANDSPÍTALA

Dagskrá	
12.30-12.35	Fundur settur: Guðríður Kristín Þórðardóttir
12.35-12.50	Dagbjört Þyrí Þorvarðardóttir, deildarstjóri flæðisdeildar
12.50-13.00	Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri flæðisviðs
13.00-13.10	Hlíf Steingrímsdóttir, framkvæmdastjóri lyflækningasviðs
13.10-13.20	Lilja Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri skurðlækningasviðs
13.20-13.30	María Einisdóttir, framkvæmdastjóri geðsviðs
13.30-13.40	Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala
13.40-13.50	Sveinn Magnússon, skrifstofustjóri skrifstofu heilbrigðisþjónustu, velferðarráðuneyti
13:50-14.30	Pallborðsumræður með frummælendum
Fundarstjóri: Póra Arnórsdóttir	

Fundurinn er öllum opin.

Tækifæri til að fá upplýsingar frá fyrstu hendi um þessa miklu áskorun starfsmanna Landspítala og koma sjónarmiðum á framfæri til allra er málið varðar.

Fylgiskjal 2b

Opinn fundur hjúkrunarráðs Landspítala 21. apríl 2015 í Hringsal

Efni: Flæði sjúklinga á Landspítala

Frummælendur:

Dagbjört Þyrí Þorvarðardóttir, deildarstjóri flæðisdeildar

Guðlaug Raket Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri flæðissviðs

Hlíf Steingrimsdóttir, framkvæmdastjóri lyflækningasviðs

Lilja Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri skurðlækningasviðs

María Einisdóttir, framkvæmdastjóri geðsviðs

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala

Sveinn Magnússon, skrifstofustjóri skrifstofu heilbrigðisþjónustu, velferðarráðuneyti

Umræður: Flæði sjúklinga á Landspítala: helstu áskoranir, bjargráð og framtíðarsýn

Fundarstjóri: Þóra Arnórsdóttir, fréttakona.

Guðríður Kristín Þórðardóttir, formaður hjúkrunarráðs opnaði fundinn, bauð viðstadda velkomna og greindi frá mikilvægi þess að halda slíkan fund. Flæði sjúklinga og yfirfullur spítali er ein af megin áskorunum okkar á Landspítala. Með flæði er átt við ferli sjúklinga frá komu á spítalan til útskriftar. Mikilvægt er fyrir öryggi sjúklinga og gæði þjónustu að að þeir séu á réttum stað á réttum tíma og í umsjá viðeigandi aðila. Spítalinn hefur um árabíl verið rekinn með um eða jafnvel yfir 100% rúmanýtingu þó mælst sé til þess að rúmanýting fari ekki yfir 85%. Þetta þýðir að það má ekkert útaf bregða í starfsemi spítalans. Venjubundinn influensufaraldur að vetri eða túristar á skemmtiferðaskipum á sumri - eitthvað sem við vitum að bætir í álag á hverju ári, veldur því að það flæðir yfir. Hvað þá ef um væri að ræða hópslys, eiturefnaslys, hamfarir eða jafnvel verkföll eins og við höfum öll búið við síðustu mánuði. Ráðum við við slíkar aðstæður? Ýmsar ástæður eru fyrir þessum flæðisvanda og yfirfullum spítala, innan sem utan spítalans. Markmið fundarins var að fá frá frummælendum hver þeirra framtíðarsýn væri hvað þetta vandamál varðar og hvaða bjargráð og úrræði þau hafa til að leysa þessa alvarlegu áskorun.

Að lokum kynnti hún fundarstjóra fundarins, Þóru Arnórsdóttur, fréttakonu. Þeir sem voru í mælendaskrá greindu frá því hvernig tregt flæðis sjúklinga hefði áhrif á starfsemi á þeirra sviði, hverjar væru helstu áskoranirnar og bjargráðin. Dagbjört Þyrí Þorvarðardóttir, deildarstjóri flæðisdeildar var fyrst á mælendaskrá. Hún kynnti tölulegar upplýsingar um flæði sjúklinga á Landspítala, fjölda sjúklinga á bið eftir öðrum úrræðum, einkum aldraðra og spítalinn sé oft yfir fullur. Hún sagði að tæplega 80 einstaklingar væru á bið eftir hjúkrunarrými sem ekki væru til. Dagbjört Þyrí sagði að úrræði utan spítalans, eins og hjúkrunarrými og heimahjúkrun, væru takmörkuð með þeim afleiðingum að erfitt gangi að útskrifa einstaklinga sem annars gætu verið heima hjá sér.

Frummælendur voru allir sammála um að leysa þurfi úrræðavanda samfélagsins, hvort sem um ræðir aldraða, geðfatlaða eða þá sem þurfa endurhæfingu. Fjölgun leguryma á spítalanum væri takmörkuð lausn til lengri tíma litið, en kynntir voru möguleikar um fjölgun einhverra rúma á Lyflækningasviði. Ekki virðist vera að áætlanir væru um byggingu hjúkrunarrýma. Efla þarf til muna heimahjúkrun, einkum á ákveðnum svæðum höfuðborgarsvæðisins þar sem sjúklingar geta á tímum ekki fengið þá þjónustu sem þeir þurfa, en myndu fá í öðrum hverfum eða bæjum.

Páll Matthíasson hélt því fram að með þessu trega flæði, einkum aldraðra væri þjónusta við bráðveika skert, sem fæli í sér óviðunandi sóun. Allt of margir væru inni liggjandi á spítalanum sem gætu verið á örðum þjónustustigum. Á meðan kæmust aðrir sem þyrftu á þjónustunni að halda ekki að. Aðgerðum væri gjarnan frestað vegna plássleysis á deildum, ekki vegna tímaskorts á skurðstofum eða skort á fagfólki. Páll sagði slíkt ástand vera öryggisógn.

Í lok fundar voru pallborðsumræðuð þar sem frummælendur sátu fyrir svörum

Tveir milljarðar í súginn á einu ári

INNLENT | 07:00 | 22. APRÍL 2015

Líkar þetta 209

Sk

Fylgiskjal 2c



Eldri borgarar eru fastir á Landspítalanum vegna skorts á plássum á hjúkrunarheimilum og bresta í heimahjúkrunu. Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala, segir trúflun á flæði sjúklinga geta verið öryggisógn. [VÍSIRVILHELM](#)

KRISTJANA BJÖRG GÜBBRANDSDÓTTIR SKRIFAR

„Það er sún ef við erum hér að sinna hlutverki hjúkrunarheimilis fyrir allt að hundrað manns í plássum sem kosta nærri 100 þúsund krónur á dag þegar Hrafnista getur gert það sama fyrir 20 þúsund krónur á dag,“ sagði Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala, á fundi hjúkrunarráðs í gær þar sem rætt var opinskátt um ýmsar áskoranir sem blasa við Landspítalanum.

Á fundinum kom fram að 78 eldri borgarar, sem biða eftir plássi á hjúkrunarheimili eða heimahjúkrun, eru innliggjandi á spítalanum. Þá var á fundinum rætt hreinskilnislega um rúmanýtingu langt yfir æskilegu viðmiði, álag á starfsfólk, öryggismörk hjúkrunar og bresti í heilbrigðisþjónustu utan Landspítala sem hafa áhrif á þjónustuna.



Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans.

Öryggisógn

„Það er erfitt fyrir ungan mann sem hefur beðið eftir aðgerð í eitt og hálft ár að skilja að ástæða biðarinnar er ef til vill að aldraður afi hans liggur á gangi 14E. Það stíflar allt okkar kerfi, truflar innkomu á deildir og leiðir á endanum til þess að þessi ungi maður þarf að biða lengur eftur aðgerð. Trúflun á flæði er öryggisógn,“ itrekaði Páll.

Sífeld fjölgun

Dagbjört Þorvarðardóttir, deildarstjóri flæðisdeilda, sagði að þótt að hlutfallslega fleiri sjúklingar kæmst inn á hjúkrunarheimili af spítalanum vegna breyttra reglna um vistunarmat þá dygði það ekki. Sífellt fjölgi þeim sem liggja inni, það þurfi að byggja fleiri hjúkrunarrými.

„Það er alltaf að fjölga í þessum hópi. Núna erum við með 78 einstaklinga með samþykkt vistunarmat sem liggja inni hjá okkur. Það tekur vanalega um tvo til þrjú mánuði fyrir þessa einstaklinga að fá samþykkt mat um að komast á hjúkrunarheimili, og vanalega eru þessir einstaklingar búnir að liggja lengi hjá okkur áður en það ferli hefst. Þegar það losnar hjúkrunarpláss þá er alltaf einhverjum á Landspítalanum boðið plássíð ásamt einhverjum öðrum úti í bæ.“

Þetta hjálpaði okkur mikið fyrir nokkrum árum og þá voru opnuð ný hjúkrunarheimili sem drógu úr innlögnum. En nú erum við komin hingað,“ segir Dagbjört og vísar í að hópurninn stækki ört ár frá ári þess að fyrir liggja aðgerðir af hálfu ríkis og sveitarfélaga til að stemma stigu við vandanum.



Dagbjört Þorvarðardóttir deildarstjóri flæðisdeilda sagði frá því að hluti þeirra sem eru innlagðir eru þar vegna þess að þeir þurfa heimahjúkrun en fá ekki. [FRÉTTABLAÐID/ERNIR](#)

Brestir í heimahjúkrun

„Ég veit ekki til þess að það sé neitt á teikniborðinu. Þrátt fyrir að okkar sjúklingar komist í auknum mæli inn á hjúkrunarheimili þá fjölgar samt í þessum hópi. Það er brýnt að finna úrræði fyrir þennan hóp.“ Dagbjört segir bresti í heimahjúkrun einnig leiða til þess að eldri borgarar eru ekki útskrifaðir af spítalanum.

„Það sem við erum að finna fyrir núna er ekki bara að fólk komist ekki á hjúkrunarheimili

heldur líka að það kemst ekki heim til sín vegna þess að það fær ekki heimahjúkrun sem skyldi. Það er engin þjónusta um kvöld og helgar í Hafnarfirði og Garðabæ. Það er ekki hægt að útskrifa fólk sem fær ekki þá heimahjúkrun sem það þarf,“ segir Dagbjört og segist einnig hafa orðið vör við bresti í heimahjúkrun í vissum hverfum í Reykjavík. „Það er eitthvað um það að fólk hafi ekki fengið kvöld- og helgarhjúkrun í póstmúmeri 104.“

Fylgiskjal 3

Svar við fyrirspurn til starfsmannastjóra sept 2014

Sæl Guðný.

Hér fyrir neðan má finna svör við fyrirspurnum frá stjórn hjúkrunarráðs..

1. Hversu mörg stöðugildi hjúkrunarfræðinga vantar á Landspítalanum og hvernig dreifist sú vöntun á deildir og svið?

Samkvæmt upplýsingum frá mannauðsráðgjöfum sviða (svör bárust á tímabilinu 25. sept - 6. okt 2014) er staðan á mönnun hjúkrunarfræðinga eftirfarandi:

Geðsvið

Fullmannað

Flæðissvið

Fullmannað á bráðamóttöku, spurning með ölrún og endurhæfingu

Kvenna- og barnasvið

Fullmannað

Skurðlækningasvið

Það vantar u.þ.b 8 hjúkrunarfræðinga

1 á 12E

1 á 12G

1 á A4

1 á B5

4 á B6

Rannsóknarsvið

Fullmannað

Lyflækningasvið

Pokkalega mannað, fullmannað á Hringbraut og flestar deildir í Fossvogi. Vantar þó amk 2 stg á A-7 og 2 stg á A-6. Deildir í Kópavogi eru fullmannaðar.

2. Ef upplýsingar í spurningu 1 eru ekki til staðar á einum stað, stendur til að bæta úr því?

Svarið við spurningu 1 er ekki til á einum stað miðlægt en virðist vera haldið ágætlega utan um á skrifstofu framkvæmdastjóra á hverju sviði. Ég veit ekki til þess að það standi til að breyta því, en mætti ef til vill skoða og það við um allar stéttir.

3. Framkvæmdastjórn hjúkrunarráðs ræddi síðast liðinn vetur við forstjóra um að reglum um hvíldartíma og frítökurétt væri ekki fyllilega fylgt eftir og misræmi væri milli deilda og sviða í þeim efnum. Forstjóri ætlaði að koma þessum ábendingum til þín og taldi þetta vera hluta af verkefninu Góður spítali. Hver er staðan á þessari vinnu?

Nú veit ég ekki hver staðan á þessu er sem ákveðnu verkefni en ég get sagt ykkur eftirfarandi:

1. Unnið hefur verið jafnt og þétt að kynningu á óskavaktakerfi niður á skipulagseiningar. Óskavaktakerfið er það verkfæri sem við höfum til að skipuleggja vaktaskema eftir ósk starfsmanna eins og best er á kosið. Kerfið gerir athugasemdir við þann sem skipuleggur vaktirnar ef vaktaskema virðir ekki hvíldartíma starfsmanns og gefur þá þeim sem setur upp vaktirnar tækifæri á að bregðast við eins og við á. Mikilvægt er að starfsmenn og stjórnendur virði hvíldartímann við ósk vakta og gerð vaktaskema.

2. Ef / þegar frítökuréttur skapast þarf yfirmaður að taka afstöðu til hvíldartímabrots í kerfinu. Brotalöm er á því og misræmi á milli sviða. Mikilvægt er að stjórnendur ætli þessa ábyrgð og taki afstöðu til brota. Ef til vill þyrfti að kynna þetta betur fyrir stjórnendum og koma því þannig fyrir að Vinnustundin hleypi ekki bunkum til launadeildar fyrr en búið er að taka afstöðu til brota - það hefur verið til umræðu.

3. Þá hefur hagdeild og mannauðsdeild unnið að því að útbúa og þróa skýrslur um frítökurétt. Áður en langt um líður ættu þessar skýrslur að verða aðgengilegar yfirmönnum og þannig auka gegnsæi.

Vona að þetta svari spurningum ykkar.

Kkv.

Aldís

Aldís Magnúsdóttir, verkefnastjóri
Mannauðsdeild, Landspítala
Eiríksgötu 5, 101 Reykjavík
Sími: 543-1339, 825-3848 / Fax: 543-1365
Tölvupóstfang: aldism@landspitali.is

Efni þessa tölvupósts, sem og skjala og gagna sem send eru sem viðhengi, kann að vera trúnaðarmál. Það er eingöngu ætlað þeim sem tölvupósturinn er stílaður á. Misnotkun getur varðað bótaábyrgð og refsingu, auk þess sem viðtakanda ber samkvæmt gildandi fjarskiptalögum að tilkynna sendanda hafi tölvupósturinn eða viðhengi hans ranglega borist honum. Vinsamlegast eyðið póstinum og viðhengjunum í slíkum tilvikum.

Fylgiskjal 4

Bréf til mannauðsráðgjafa Landspítala varðandi mönnunarmódel legudeild spítalans



Til mannauðsráðgjafa Landspítala

26. mars 2015

Efni bréfs: Fyrirspurn varðandi mönnunarmódel legudeilda Landspítala

Fyrir hönd hjúkrunarráðs óska undirritaðar eftir eftirtöldum upplýsingum um legudeildir spítalans síðastliðna hálfu árið:

1. Mönnunarmódel deilda (mv/kv/nv) - sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga
2. Leyfð stöðugildi og greidd stöðugildi
3. Rúmafjöldi umræddra deilda
4. Hvort raunmönnun sé í samræmi við mönnunarmódel - það er hvort samræmi sé á fjölda hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða í skýrslu sem lögð er fram og mönnunarmódel sem lagt er upp með og hvort sú mönnun gangi svo að jafnaði eftir í daglegu starfi.
5. Hve margar aukavaktir eru að jafnaði á hverri deild fyrir sig.

Hvati að ofangreindum fyrirspurnum er fjöldi daga yfir æskilegri hjúkrunarþyngd og svar starfsmannastjóra í haust um þann fjölda sem vantar af hjúkrunarfræðingum á sviðin. Markmið hjúkrunarráðs með þessari eftirgrennslan er að hvetja til þess að viðmið verði sett um æskilega hjúkrunarþyngd á hvern hjúkrunarfræðing og mannað í samræmi við það. Í von um gott samstarf í því markmiði að auka öryggi sjúklinga og starfsmanna og tryggja fagmennsku og gæði í hjúkrun.

Virðingarfyllt,
Guðríður Kristín Þórðardóttir, formaður hjúkrunarráðs
Ragnheiður Guðmundsdóttir, varaformaður
Guðrún Einarsdóttir, ritari

Afrit fá:
Bryndís Hlöðversdóttir, starfsmannastjóri
Páll Matthíasson, forstjóri
Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar

Fylgiskjal 5a

Mikill uppsafnaður vandi á Landspítala

• INNLENT | 08:30 | 21. APRÍL 2015

f Lika þetta 40



Sumarlokanir fram undan. Enn lengist biðlisti sjúklinga eftir aðgerðum og meðferð. Guðriður Kristín Þórðardóttir, formaður hjúkrunarráðs, segir uppsafnaðan vanda mikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

KRISTJANA BJÖRG GUÐBRANDSDÓTTIR SKRIFAR

Verkfallsaðgerðir félagsmanna BHM ná til 500 starfsmanna Landspítalans og hafa haft mikil áhrif á starfsemi og þjónustu við skjólstæðinga hans.

Biðlistar eftir rannsóknnum og aðgerðum lengjast og nú hefur 220 skurðaðgerðum verið frestað. Einhverjir þeirra sem biða eftir aðgerðum hafa bedið frá því í læknaverkfallinu og er því uppsafnaður vandi innan heilbrigðiskerfisins mikill.

Engar aðgerðir eru framkvæmdar sem krefjast blóð- eða myndgreiningar. Meðferð alvarlegra sjúkdóma er í bið á meðan verkfallsaðgerðir standa yfir. Sem dæmi má nefna að nýgreindir sjúklingar með krabbamein fá ekki þjónustu fyrr en verkfalli lýkur nema að meinið sé metið sem bráð veikindi. Forsvarsmenn Landspítalans telja sig hafa faglegar ástæður fyrir því að veita nýgreindum ekki lækniþjónustu.

Sjá einnig: Verkföll kunna að bitna á útflutningi

Mikill fjöldi fólks er nú innlagður en kemst ekki til síns heima, þar sem ekki er hægt að útskrifa það. Frá þessu greinir aðstoðarkona Páls Matthíassonar, forstjóra Landspítalans, Anna Sigrún Baldursdóttir. Hún vill minna fólk á sem telur sig þurfa á bráðþjónustu að halda að mæta á spítalann.

„Eitthvað hefur borið á því að fólk mæti ekki þótt það telji sig þurfa á þjónustu að halda. En fólk sem þarf á bráðþjónustu að halda, það fær hana,“ minnir hún á.

Hjúkrunarráð lýsir yfir verulegum áhyggjum vegna verkfalls félagsmanna BHM og segir í yfirlýsingu frá ráðinu að verkfallsaðgerðir hafi þegar valdið auknu álagi á heilbrigðisstarfsmenn sem geti ógnað öryggi sjúklinga. Guðriður Kristín Þórðardóttir er formaður ráðsins og segir að þótt öll áhersla sé lögð á að halda uppi bráðastarfsemi spítalans sé uppsafnaður vandi mikill.

„Við höfum ítrekað bent á mikið álag á Landspítala og skort á heilbrigðisstarfsfólki. Álagið var mikið fyrir og nú bætist ofan á það. Við höfum áhyggjur af skertri þjónustu við sjúklinga og löngum biðlistum sem hlaða utan á sig frá verkfalli lækna. Þetta verkfall hefur ekki síður áhrif á þessa biðlista. Við vitum að fram undan eru sumarlokanir, það er óumflýjanlegt og því er orðið knýjandi að finna lausn á deilunni,“ segir Guðriður Kristín sem segir hvern dag verkfallsins auka álag á deildum spítalans og hættu á því að öryggi sjúklinga sé ábótavant.

„Þjónusta við sjúklinga er verri og mjög skert í þessum aðstæðum. Við þurfum í verkfallsaðgerðunum að meta hverjir sjúklinganna eru veikastir og taka ákvörðun um að meðhöndla þá,“ bendir Guðriður Kristín á og segir ómælda áhættu fölgna í slíku verkfalli.

„Það er mikil óvissa í þessu verklagi sem ógnar öryggi sjúklinga, býður hættunni heim. Þetta er líka óreiða sem hefur áhrif á flæði sjúklinga í gegnum spítalana. Hér eru sjúklingar sem hafa legið inni á spítalanum í nokkra daga vegna þess að þeir komast ekki í einfaldar rannsóknir.“

Fylgiskjal 5b

Innlent | mbl | 21.5.2015 | 8:37 | Uppfært 9:29

Tweet

„Velferð þjóðarinnar í húfi“



Landspítalinn í Fossvogi. mbl.is/Ómar

Hjúkrunarráð Landspítala lýsir yfir verulegum áhyggjum vegna yfirvofandi verkfalls hjúkrunarfræðinga þann 27. maí nk. og hversu illa gengur að semja við þær heilbrigðisstéttir sem nú þegar eru í verkfalli.

Þetta kemur fram í ályktun sem var samþykkt af stjórn hjúkrunarráðs á þriðjudag, en hún hefur verið birt á heimasíðu Landspítalans.

Fram kemur, að framkvæmdastjórn Landspítala og landlæknir hafi bent á að nú þegar sé óryggi sjúklinga ótryggt. Þar að auki sé uppsafnaður vandi á Landspítala þar sem biðlistar hafi lengst og atgervisflótti starfsfólks sé raunverulegur.

„Landspítali og íslenskt heilbrigðiskerfi í heild má ekki við frekari skerðingu á þjónustu. Hætt er við að skaði hjótist af sem erfitt verði að bæta. Hjúkrunarráð Landspítala hvetur stjórnvöld til að ganga frá samningum áður en til verkfalls hjúkrunarfræðinga kemur. Velferð þjóðarinnar er í húfi,“ segir í ályktuninni, sem Guðríður Kristín Þórðardóttir, formaður hjúkrunarráðs, birti.

Fylgiskjal 5c

Innlent | mbl | 28.7.2015 | 13:17

Mæla með 160 Tweet

313 starfsmenn segja upp störfum



Landspítali í Fossvogi. mbl.is/Eggert

313 starfsmenn Landspítalans hafa nú sagt starfi sínu lausu, samkvæmt upplýsingum frá mannaútsdeild spítalans. Þrjú hjúkrunarfræðingar hafa sagt upp á lyflækninga-sviði og þá hafa tveir hjúkrunarfræðingar á skurðlækningasviði sagt upp starfi sínu, síðan mbl.is birti síðast tölur um miðjan júlí.

Skúli Halldórsson
sh@mbl.is

Meginþorri uppsagnanna mun taka gildi 1. október, að sögn Báru Hildar Jóhannesdóttur, starfsmannastjóra á Landspítalanum. „Einhverjar taka þó gildi fyrir, til dæmis uppsagnir geislafræðinga á röntgendeildinni sem taka gildi 1. september og þá eru einhverjar dagsettar 1. nóvember.“

Samkvæmt þessum upplýsingum virðist sem aðgerðasvið spítalans verði verst úti, fari svo að allar uppsagnir taki gildi. „Hlutfallslega er þar mest um uppsagnir hjúkrunarfræðinga, en á sviðinu er mikið af sérhæfðum störfum sem tengjast skurðaðgerðum, svæfingu og gjörgæslu.“

Þá munu aðstæður röntgendeildar versna til muna. „Við höfum miklar áhyggjur af þeirri deild, enda hefur næstum helmingur geislafræðinga hefur sagt upp störfum,“ segir Bára.

Allar uppsagnir vekja áhyggjur

Athygli vekur að 100% lífeindafræðinga á skurðlækningasviði hafa sagt upp störfum, en að baki þeirrar tölu eru þó aðeins tveir starfsmenn. Þær uppsagnir gætu þó haft töluverð áhrif. „Þetta eru mjög sérhæfðir starfsmenn og brotthvarf þeirra væri mikil blóðtaka fyrir spítalann,“ segir Bára en tekur fram að allar uppsagnir séu vitaskuld áhyggjuefni, sama hvaða svið sé um að ræða.

Á kvenna- og barnasviði hefur fjöldi uppsagna lækkað úr 30 í 27. Enginn hefur þó dregið uppsögn sína til baka á því sviði heldur skýrist lækunin af tæknilegum ástæðum. „Tveir starfsmenn, sem voru í starfi á öðrum sviðum, sögðu upp starfi sínu þar en héldu áfram starfi á kvenna- og barnasviði. Við þurftum að draga þá frá auk starfsmanns sem sagði upp tímabundinni ráðningu og er því ekki meðtalinn.“

Ganga til liðs við sjálfseignarfélag

Andrúmsloftið á Landspítalanum er spennuþrungið og ein-kennist af mikilli óvissu, að sögn Guðröar Kristínar Þórðardóttur, formanns hjúkrunarráðs spítalans. Hún segir marga hjúkrunarfræðinga hyggja á að ganga til liðs við nýtt sjálfseignarfélag, sem leigja myndi út þjónustu hjúkrunarfræðinga til spítalans. „Nokkur fjöldi hefur þegar gert það og ég er hrædd um að fleiri muni fylgja á eftir, nálist ekki sættir sem fyrst í þessari deilu.“

Uppsagnir á LSH	Hafa sagt upp	Hafa dregið uppsögn til baka
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga		
Ágæðasvið	26	1
Fjórðingssvið	22	1
Gæðisvið	12	1
Kvenna- og barnasvið	27	
Lyflækningasvið	65	
Rannsóknarsvið		
Skarfbáta ferðjóra	48	1
Skurðlækningasvið		
Víðasta- og þróunarsvið		
Samtals hjúkrunarfræðingar	260	5
Félag geislafræðinga		
Rannsóknarsvið	25	
Félag lífeindafræðinga		
Rannsóknarsvið	26	
Skurðlækningasvið	24	
Skurðlækningasvið	2	
Lífsmannafélag Íslands		
Kvenna- og barnasvið	2	
Samtals	313	

Ljóst er að aðgerðasvið spítalans verður illa úti, muni allar uppsagnir taka gildi. mbl.is/Helðurín Björt



Guðröar Kristín Þórðardóttir, formaður hjúkrunarráðs Landspítalans.

Guðröar segir hjúkrunarráðið gjalda varhug við þeirri þróun. „Þá eru hjúkrunarfræðingarnir ekki lengur starfsmenn stofnunarinnar og hafa því aðrar skyldur gagnvart henni sem slíkra og rekstri hennar. Fagleg framþróun, uppbygging göngudeildarþjónustu og önnur þjónusta, sem ekki er lífsnauðsynleg en maður vill samt sem áður veita, gæti verið í hættu vegna þessa.“

Hún nefnir sem dæmi eftirfylgni við langveika og syrgjendur. „Með tilkomu starfsmannaleiga væri Landspítali ekki lengur að kaupa slíka þjónustu,“ segir Guðröar en tekur fram að hún efist ekki um að hjúkrunarfræðingarnir muni halda áfram að sinna sjúklingunum vel.

Margir á leið í aðra vinnu

„Nú bíða allir og sjá hvort að leysast muni úr kjaradeilunni áður en gerðardómur fellur, eða hvort að hann falli þann 15. ágúst, og þá hverju hann skilar. Mikil óvissa ríkir um hvort þetta dugi til að snúa við þessum gífurlega fjölda uppsagna,“ segir Guðröar.

Hún segir þó ljóst að allir muni ekki draga uppsagnir sínar til baka. „Ég veit mörg dæmi þess að fólk sé búið að fá sér aðra vinnu, hvort sem það er erlendis, hjá borginni eða í einkageiranum. Þarna erum við að tala um áratuga starfsreynslu sem hverfur frá okkur og þetta er gífurlegur missir fyrir spítalann, sem mun eiga sér stað hvernig sem kjaradeilunni lýkur.“

Horfa til ákæru með ugg og brjósti

Óánægja hjúkrunarfræðinga lýtur ekki aðeins að kjarabaráttunni. Augu margra innan stéttarinnar beinast að ákæru ríkissaksóknara á hendur hjúkrunarfræðingi, fyrir manndráp af gáleysi. „Þar á viðkomandi yfir höfði sér sjö ára frelsisvoptingu fyrir mistök í starfi. Það er raunveruleiki sem við lifum öll við. Hver ber ábyrgðina þegar við erum látin vinna undir svona miklu álagi?“ spyr Guðröar.

Hún segir rannsóknir hafa sýnt að mannekla og álag leiðir af sér aukna hættu á mistökum starfsmanna. „Þess vegna setja hjúkrunarfræðingar hnefann í borðið. Það þarf að leiðrétta launin og gera hjúkrun að samkeppnishæfum starfsvettvangi. Það er oróin svo mikil uppsöfnuð þreyta eftir þetta gífurlega álag sem verið hefur á okkur síðustu ár, og þá einkum undanfarna mánuði. Loks standa hjúkrunarfræðingar svo frammi fyrir þessu skilningsleysi stjórnvalda sem virðast ekki geta metið þá að veruleikum.“

Fylgiskjal 5d



Aðf

Aðför að heilbrigðiskerfi Íslands

Aðsend grein Birt 14 jún 2015 Merki:

Elfa Þóll Grétarsdóttir, sérfræðingur í öldrunarhjúkrun og líknammedferð, og Guðríður Kristín Þórðardóttir, sérfræðingur í hjúkrun hjartasjúklinga og formaður hjúkrunarráðs Landspítala skrifa:

Þann 13. júní 2015 lauk um hálfis árs verkfallahrinu heilbrigðisstarfsmanna með lagasetningu. Starfsemi vinnustaðar okkar, Landspítala, ætti því að komast í eðlilegt horf eftir tvær langar og leiðinlegar vikur heima í verkfalli. Við erum sammála um að þeirri staðreynd fylgja blendnar tilfinningar.

Við hugsum til þess með léttu að þessu erfiða verkfalli er loks lokið en um leið hryllir okkur við hroka og úrræðaleysi ráðamanna.

Sumir kollegar okkar hafa sjaldan unnið eins mikið og einmitt þessar síðustu vikur vegna álags, en mun fleiri hafa ekkert unnið. Flestir hafa setið heima og beðið fréttu í þeirri von að geta snúið hjartans aftur til starfa. Snúið aftur til þess að veita sjúkum þjónustu og meðferð sem þeir eiga rétt á samkvæmt íslenskum lögum.

Eins og formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga Ólafur G. Skúlason kemur inn á í grein sinni í Fréttablaðinu þann 9. júní sl. þá óttumst við framtíðina. Við teljum að almenningur og einkum og sér í lagi stjórnvöld geri sér ekki grein fyrir því hvernig ástandið er nú þegar og í hvað stefnir í íslensku heilbrigðiskerfi. Hjúkrunarráð Landspítala, Hjúkrunarfræðideild HÍ og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga hafa endurtekið bent á staðreyndir um mannekle meðal hjúkrunarfræðinga sem fer sífellt vaxandi.

Aðgerðarleysi stjórnvalda síðustu vikurnar og nú lögban á verkföll benda til að þessar áhyggjuraddir tali í tóma tunnu. Það getur bara ekki verið að stjórnvaldamenn séu að hlusta.

Við erum báðar sérfræðingar í hjúkrun, önnur er formaður hjúkrunarráðs og hin formaður fræðslunefndar þess. Okkar skyldur í þeim stöðum eru fyrst og fremst að standa vörð um fagmennsku hjúkrunar á Landspítala ásamt öryggi sjúklinga og starfsmanna með einum og öðrum hætti. Stuðla að faglegri þróun, efla gæði hjúkrunar, leiðbeina og vera fyrirmynd annarra í starfi. Við eigum það sameiginlegt að taka hlutverk okkar sem talsmenn sjúklinga alvarlega, höfum einsett okkur að bæta þjónustuna við þá og ástvinu þeirra á deildum okkar: hjartadeildinni, öldrunardeildunum sem og spítalanum öllum. Við höfum stundað rannsóknarvinnu, haft frumkvæði að og stýrt ýmsum verkefnum sem stuðla að framþróun í hjúkrun og bæta þjónustu við skjólstaðinga spítalans, einkum á sviði líknar- og lífslokameðferðar og í þjónustu við aldraða. Í verkfalli er ekki undanþága fyrir þessum ólífsnaðsynlegu störfum okkar. Getum við þá ekki þá bara hætt þessu? Þarf íslenskt heilbrigðiskerfi á þessu að halda?

Það eru mörg hundruð hjúkrunarfræðingar sem hafa setið heima í tvær vikur þar sem ekki var undanþága fyrir störfum þeirra. Ætli störf þeirra séu ef til vill ekki nauðsynleg? Erum við tilbúin til að láta á það reyna aðeins lengur?

Hjartagáttin var lokuð, göngudeild hjartabilunar var lokuð eins og reyndar stór hluti göngudeilda spítalans, skurðeildir voru lokaðar að hluta, hjartaþræðingar voru einungis gerðar í bráðatilfellum, flestar endurhæfingadeildir voru lokaðar, þjónusta við geðsjúka var verulega skert og svo mætti lengi telja. Afleiðingar þess að draga úr allri fyrirbyggjandi þjónustu, rannsóknum, endurhæfingu, eftirliti og göngudeildarþjónustu koma ekki fram fyrir en seinna. Öll fræðsla og stuðningur fyrir nýráðið heilbrigðisstarfsfólk á Landspítala hefur fallið niður vegna verkfalls. Þetta eru meðal annarra nýútskrifaðir hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar og hjúkrunarnemar sem munu vera í meirihluta mönnunar á mörgum deildum í allt sumar vegna sumarleyfa. Í verkfalli fundum við verulega fyrir takmörkuðum úrræðum fyrir hruma, aldraða og langveika sjúklinga sem við þurftum að útskrifa of snemma vegna plássleysis. Við getum nefnt fjölmörg dæmi.

Hjúkrunarfræðingar eru ekki einungis í beinni hjúkrun á legudeildum. Þeir eru úti um allt frá fremstu viglinu við hlið sjúklings, við stjórnun, við fræðslu og rannsóknir, að stuðla að framþróun, þeir eru talsmenn sjúklinga, stjórna og veita þjónustu á göngudeildum, styðja við aðstandendur, vinna að hagræðingu í heilbrigðiskerfinu og svo mætti lengi telja. Í þverfaglegri teymisvinnu eru það gjarnan hjúkrunarfræðingar sem stýra vinnunni og eru tengiliðir sjúklings við aðra fagaðila.

Skilaboðin sem við viljum koma á framsæri með þessum skrifum eru að það sem við óttumst mest er að þetta umhverfi sem við horfum á í lífsögnandi verkfalli verði íslenskur raunveruleiki ef ekki verður tekið á vandanum með framtíðarsýn á heilbrigðiskerfið að leiðarljósi. Þetta gæti verið það sem íslenskt heilbrigðiskerfi muni hafa upp á að bjóða innan fárra mánaða ef ekkert verður að gert til að auka nýliðun í hjúkrun og halda þeirri þekkingu sem fyrir er.

Nú þegar vantar sárlega hjúkrunarfræðinga. Ekki bara á Landspítalann heldur alls staðar. Frá því löngu fyrir efnahagshrun hefur spítalinn verið í fjársvelt og álag á hjúkrunarfræðinga verði úr höfi mikið. Eftir hrun var sett ráðningabann, yfirvinnubann og mönnumódel skorin niður með enn meira álagi. Þreyta hjúkrunarfræðinga er orðin alvarleg. Ákæra á hendur kollega okkar sem enn vofir yfir varð ekki til þess að bæta andann. Það er erftitt að lýsa því með orðum hvernig tilfinning hrísáðist um heilbrigðisstarfsmenn sem bera ábyrgð á líf og limum fólks alla daga við þær aðstæður. Aðstæður þar sem umhverfið hefur enga burði til að tryggja öryggi okkar í starfi, mannekla er hættuleg og hugsanleg mistök geta kostað okkur frelsisvipptingu. Framkoma stjórnvalda síðustu daga er dropinn sem fyllir mælinn.

Mannauðsdeild Landspítala hefur síðustu mánuði unnið ótullega að því að bæta ímynd hjúkrunarstarfsins og efla starfsánægju til að halda í þá þekkingu sem fyrir er á spítalanum og auka nýliðun með fjölgun þeirra sem velja sér hjúkrun sem framtíðarstarf. Það er verulega mikilvægt og brynt að bregðast við skorti á hjúkrunarfræðingum og fyrirbyggja yfirvofandi vanda sem fylgir enn frekari skorti.

Við teljum að lagasetningin muni hafa alvarlegar afleiðingar til lengri tíma lítið og að ríkisstjórnin viti það en sé alveg sama. Þróun heilbrigðisþjónustu undanfarin ár hefur verið á þá leið að fækka leguplássum og auka þjónustu á göngudeildum og heimþjónustu. Í þessari þróun eru hjúkrunarfræðingar lykilaðilar. Hjúkrunarfræðingar eru forsenda þess að aldraðir búi heima sem lengst eins og stefna stjórnvalda kveður á um. Við óttumst að lagasetningin taki stóra sneið af kóku mannafla, þekkingar og reynslu í íslensku heilbrigðiskerfi með þeim afleiðingum að öll vinna til að auka nýliðun sé fyrir bít. Við óttumst að við munum ekki geta veitt nema grunn- og bráðaþjónustu líkt því sem við fundum fyrir í verkfallinu. Við óttumst að framþróun í hjúkrun og þjónustu og hagræðingu í rekstri heilbrigðiskerfisins sé í hættu.

Við erum sérfræðingar í hjúkrun sem vörum hér með við hrúni í heilbrigðiskerfinu. Hjúkrunarfræðingar bera sorgarboðin í dag og næstu daga vegna lagasetningar á verkfallsrétt okkar. Vonbrigðin eru gifurleg. Að sjálfsögðu er okkur létt að geta snúið aftur til starfa og veitt sjúklingum þá þjónustu sem þeir eiga rétt á, en hroki ríkisstjórnarinnar gefur óbragð í minninn. Vekur óhug og reiði.

Við gráthjúgum ríkisstjórnina að setjast fyrir alvöru við samningaborðið og standa þannig vörð um mannafla og þekkingu heilbrigðiskerfisins. – Veljum mönnum til framtíðar, okkar allra vegna!

Fylgiskjal 5e

Miðvikudagur 22.07.2015 - 15:29 - Ummæli (1)

Hjúkrunarráð Landspítala: Hjúkrunarleigur neyðarbrauð og engin lausn á mönnunarvanda



Mynd: DV

Hjúkrunarráð Landspítala telur að hjúkrunarleigur séu einungis neyðarrúrræði og varar við að litið sé á þær sem lausn á mönnunarvanda hjúkrunarfræðinga innan heilbrigðisgeirans. „Slík þróun myndi leiða af sér verulega faglega afturför, ógna þeirri uppbyggingu sem þegar hefur átt sér stað og hefta áframhaldandi uppbyggingu í íslenskrí heilbrigðisþjónustu.“

Þetta segir í ályktun sem Hjúkrunarráðið sendi frá sér. Þar segir ennfremur að reynslan á Landspítalanum og sömuleiðis þeirra aðila sem þekki til erlendis sýni að faglegar skyldur leigðra hjúkrunarfræðinga gagnvart stofnunum séu ekki þær sömu og fastra starfsmanna.

Fagleg framþróun á þjónustu við sjúklinga og aðstandendur þeirra, hagræðing í rekstri, uppbygging á starfsemi, efling þverfaglegrar teymisvinnu, kennsla og fræðsla situr á hakanum.

Hjúkrunarráðið vara því eindregið við öllum slíkum hugmyndum og skorar á stjórnvöld að ná sáttum í launabaráttu hjúkrunarfræðinga svo ekki þurfi að koma til slíkra skammtímalausna sem gætu skaðað heilbrigðiskerfið umtalsvert.

Innlent | mbl | 22.7.2015 | 15:25

[Mæla með](#) [8](#) [Tweet](#)

Hjúkrunarleigur engin lausn



Hjúkrunarfræðingar að störfum á Landspítala. Morgunblaðið/Eggett

Hjúkrunarráð Landspítala varar við því að litið sé á hjúkrunarleigur sem lausn á mönnunarvanda hjúkrunarfræðinga innan heilbrigðiskerfisins. „Slíkar lausnir eru neyðarrúrræði svo hægt sé að veita grunn neyðarþjónustu, líkt og veitt er í verkfalli. Slík þróun myndi leiða af sér verulega faglega afturför, ógna þeirri uppbyggingu sem þegar hefur átt sér stað og hefta áframhaldandi uppbyggingu í íslenskrí heilbrigðisþjónustu.“

Þetta kemur fram í ályktun Hjúkrunarráðs Landspítalans.

Stofnun hjúkrunarleiga kann að vera lausn til að halda hjúkrunarfræðingum og þar af leiðandi reynslu og þekkingu innan Landspítala í umönnun sjúklinga, að mati Hjúkrunarráðsins. „Reynsla okkar á Landspítala og þeirra sem þekkja til erlendis sýnir að faglegar skyldur leigðra hjúkrunarfræðinga gagnvart stofnuninni eru ekki þær sömu og starfsmanna spítalans. Fagleg framþróun á þjónustu við sjúklinga og aðstandendur þeirra, hagræðing í rekstri, uppbygging á starfsemi, efling þverfaglegrar teymisvinnu, kennsla og fræðsla situr á hakanum. Stjórnendur Landspítala hafa þá minna um starfsþróun og símenntun hjúkrunarfræðinganna að segja. Sérhæfing og samfella í hjúkrun sjúklinga-hópa er gíturlega mikilvæg en reynslan sannar að hún fæst ekki ef mönnun fagaólanna byggir á leigðum starfsafla,“ segir í ályktuninni.

„Starfsánægja hjúkrunarfræðinga og tryggð þeirra við stofnunina og skjólstæðinga hennar er það sem ríkisstjórnin á að leggja allt sitt kapp í að varðveita, hvort sem um ræðir Landspítala, spítala landsbyggðarinnar, heilsugæslu eða heimahjúkrun. Ef til hjúkrunarleiga kæmi gæti verið verulega erfið, jafnvel ógerlegt að snúa til baka.“

Hjúkrunarráð skorar á stjórnvöld að ná sáttum í launabaráttu hjúkrunarfræðinga svo ekki þurfi að koma til þessara skammtímalausna sem gætu skaðað heilbrigðiskerfið umtalsvert.



Guðrún Kristín Þórárdóttir, formaður Hjúkrunarráðs.

Hjúkrunarráð LSH: Hjúkrunarleigur ekki lausn á mönnunarvanda

• INNLENT | 14:55 | 22. JÚLÍ 2015

Líkar þetta 28



Hjúkrunarráð skorar á stjórnvöld að ná sáttum í launabaráttu hjúkrunarfræðinga.

• VÍSIR/VILHELM

ATLI ÍSLEIFSSON SKRIFAR

Hjúkrunarráð Landspítala varar við því að litið sé á hjúkrunarleigur sem lausn á mönnunarvanda hjúkrunarfræðinga innan heilbrigðiskerfisins. Þetta kemur fram í ályktun hjúkrunarráðs Landspítalans um skammtímalausnir á mönnunarmálum spítalans.

Hjúkrunarráð segir slíkar lausnir vera neyðarúrræði svo hægt sé að veita grunn neyðarþjónustu, líkt og veitt er í verkfalli. „Slík þróun myndi leiða af sér verulega faglega afturför, ógna þeirri uppbyggingu sem þegar hefur átt sér stað og hefta áframhaldandi uppbyggingu í íslenskrri heilbrigðisþjónustu.

Stofnun hjúkrunarleiga kann að vera lausn til að halda hjúkrunarfræðingum og þar af leiðandi reynslu og þekkingu innan Landspítala í umönnun sjúklinga. Reynsla okkar á Landspítala og þeirra sem þekkja til erlendis sýnir að faglegar skyldur leigðra hjúkrunarfræðinga gagnvart stofnuninni eru ekki þær sömu og starfsmanna spítalans. Fagleg framþróun á þjónustu við sjúklinga og aðstandendur þeirra, hagræðing í rekstri, uppbygging á starfsemi, efling þverfaglegrar teymisvinnu, kennsla og fræðsla situr á hakanum. Stjórnendur Landspítala hafa þá minna um starfsþróun og símenntun hjúkrunarfræðinganna að segja. Sérhæfing og samfella í hjúkrun sjúklingahópa er gífurlega mikilvæg en reynslan sannar að hún fæst ekki ef mönnun fagaðilanna byggir á leigðum starfsafla.

Starfsánægja hjúkrunarfræðinga og tryggð þeirra við stofnunina og skjólstæðinga hennar er það sem ríkisstjórnin á að leggja allt sitt kapp í að varðveita, hvort sem um ræðir Landspítala, spítala landsbyggðarinnar, heilsugæslu eða heimahjúkrun. Ef til hjúkrunarleiga kæmi gæti verið verulega erfitt, jafnvel ógerlegt að snúa til baka.

Hjúkrunarráð skorar á stjórnvöld að ná sáttum í launabaráttu hjúkrunarfræðinga svo ekki þurfi að koma til þessara skammtímalausna sem gætu skaðað heilbrigðiskerfið umtalsvert,“ segir í ályktuninni.

Fylgiskjal 5f

Innlent | mbl | 14.10.2015 | 10:52

Mæla með 13 Tweet

Tíð verkföll sliga Landspítalann



mbl.is/Ómar

„Ljóst er að enn og aftur horfum við fram á illa starfhæfan Landspítala með skerta þjónustu við sjúklinga, óreiðu og ógn við öryggi þeirra vegna verkfallsaðgerða,“ segir hjúkrunarráð Landspítalans um verkfallsaðgerðir sem munu að óbreyttu hefjast á miðnætti. Það mun ná til um 400 sjúkraliða.

Hjúkrunarráð spítalans hefur sent frá sér ályktun vegna yfirvofandi verkfalls Sjúkraliðafélags Íslands og SFR.

„Verkfallsaðgerðir félagsmanna í SLFÍ hefjast á miðnætti aðfaranótt fimmtudags ef ekki nást samningar í kjaradeilu þeirra fyrir þann tíma. Verkfallið mun ná til um 400 sjúkraliða á Landspítala á öllum sviðum spítalans auk þess sem félagsmenn SFR boða ótímabundið verkfall frá sama degi. Ljóst er að enn og aftur horfum við fram á illa starfhæfan Landspítala með skerta þjónustu við sjúklinga, óreiðu og ógn við öryggi þeirra vegna verkfallsaðgerða. Spítalinn er að sligast undan tíðum og erfiðum verkföllum undanfarið ár með tilheyrandi óvissu og hvetur stjórn hjúkrunarráðs aðila að ganga til samninga hið allra fyrsta,“ segir í ályktuninni.

Fylgiskjal 6



Ertu með á nóttunum?

Málþing um fagvitund og símenntun
hjúkrunarfræðinga

Hringsal miðvikudaginn 25. febrúar kl.13-16
Fjarfundur í Blásölum

Fundarstjóri: Guðríður Kristín Þórðardóttir, formaður hjúkrunarráðs

Dagskrá:

13.00-13.05- **opnunarávarp** –Sigríður Gunnarsdóttir

13.05-13.35 **Hvernig ímynd viljum við skapa?**

María Ellingsen, leikkona

13.40-13.55 **Starfsánægja og fagmennska**

Birna Guðrún Flygenring, lektor hjúkrunarfræðideild

14.00-14.15 **Lengi býr að fyrstu gerð - en ekki alla tíð**

Aðalbjörg Finnbogadóttir, sviðsstjóri fagsviðs Fíh

14.15-14.40 Kaffi og meðlæti

14.45-15.00 **Fagmennska í hjúkrunarfræði: Siðfræðilegar pælingar**

Birna Óskarsdóttir og Sigurveig Sigurjónsdóttir Mýrdal

15.05-15.50. **Pallborðsumræður:**

Birna G. Flygenring, lektor hjúkrunarfræðideild

Bylgja Kærnested, hjúkrunardeildarstjóri 14EG

Helgi Egilsson, hjúkrunarfræðingur á gjörgæslu

Hrund Sch. Thorsteinsdóttir, deildarstjóri á menntadeild

Ólafur G Skúlason, formaður Fíh

Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á LSH

Sigurveig S. Mýrdal, aðstoðardeildarstjóri á göngudeild Kleppi

Umhyggja Fagmennska Öryggi Framþróun

Fylgiskjal 7

Vinnusmiðjur 11. – 15. maí

Óráð	Mánudag 11. maí kl. 11.00: Stigapalli 4. hæð Fossv/Skásalir Hringbr kl. 13.30: Stigapalli 4. hæð Fossv/Skásalir Hringbr
Umsjónarmenn: Hlíf Guðmundsdóttir, Elfa Þóll Grétarsdóttir, Bryndís Kristjánsdóttir í Fv og Steinunn Arna Þorsteinsdóttir og Sólborg Þóra Ingjaltdóttir á Hb Kynntar verða nýjar klínískar leiðbeiningar um greiningu, meðferð og fyrirbyggingu óráðs. Sínd verða skimunar- og greiningartæki og nokkur tilfelli kynnt.	
Stunguóhöpp	Þriðjudag 12. maí kl. 11.00 og 13.30: Stigapalli 7. hæð Fv og 2. hæð Hb
Umsjónarmenn: Ragna Björg Ársælsdóttir í Fv og Ingunn Steingrimsdóttir Hb. Kynntar verða öryggisnálar og öryggisbúnaður sem er í notkun á Landspítala, ásamt bráðaviðbrögðum við stunguóhöppum. Nýtt myndband verður sýnt þar sem farið er yfir hvernig á að nota og meðhöndla öryggisnálar.	
Móttaka andlega veikra	Miðvikudag 13. maí kl. 11.00: Við Hringisal kl. 13.30: Stigapalli 2. hæð Fossvogi
Umsjónarmenn: Hrönn Stefánsdóttir, Kristín Rósa Ármannsdóttir, Hulda Hrönn Björgúlfssdóttir Kynntar verða nýjar verklagsreglur um móttöku á einstaklingum í sjálfsviðgættu/efir sjálfsvigtíraun, sem teknar voru í gildi vorið 2014 á Bráðamóttökunni	
Viðbragðssveit LSH	Þriðjudag 12. maí kl. 11.00 og 13.30 Við Hringisal Miðvikudag 13. maí kl. 11.00 og 13.30 Stigapalli 7. hæð Fossvogi
Umsjónarmenn: Guðrún Lisbet, Sóley Guðmundsdóttir og Anders Wahlgren Kynning á hlutverki okkar, forgangsröðun á vettvangi og við munum mæta með búnaðinn okkar til að sýna.	
Qi gong	Miðvikudag 13. maí kl. 13.30: Skásalir Hringbraut Föstudag 15. maí kl. 14.00: Blásölum, Fossvogi
Umsjónarmenn: Ingibjörg Friðbertsdóttir Stutt fræðsla um Qi gong og nokkrar áhugaverðar æfingar	
Mindfulness	Föstudag 15. maí kl. 11.00: Suðursal Fossvogi kl. 14.00: Ásinn Hringbraut
Umsjónarmenn: Helena Bragadóttir Hugmyndfræði núvítundar í starfi. Hugleiðsla verður leidd og hugmyndir um núvítund í vinnurými ræddar.	

Dagskrá viku hjúkrunar 11.-15. maí 2015

Mánudagur 11.maí	Þriðjudagur 12. maí	Miðvikudagur 13. maí	Föstudagur 15. maí
11.00 Vinnusmiðjur Óráð: Stigapalli 4. hæð Fv Óráð: Skásalir Hb	11.00 Vinnusmiðjur Stunguóhöpp: Stigapalli 7. hæð Fv og 2. hæð Hb Viðbragðssveit: Við Hringisal	11.00 Vinnusmiðjur Móttaka andlega veikra: Við Hringisal Viðbragðssveit: Stigapalli 7. hæð Fv	11.00 Vinnusmiðja Mindfulness: Suðursal Fv, 90mín
11.30-13.00 Örfyrirlestrar Hringsal, fjárfundur í Blásölum Fundarstjórar: Guðríður/Elinborg	11.30-13.00 Örfyrirlestrar Blásalir, fjárfundur í Hringsal Fundarstjórar: Hanna Kristín/Sigurveig	11.30-13.00 Örfyrirlestrar Blásalir, fjárfundur í Hringsal Fundarstjórar: Sólborg/Halla	11.30-13.00 Örfyrirlestrar Hringsal, fjárfundur í Blásölum Fundarstjórar: Hanna Kristín
11:35 Óráð Elfa Þ Grétarsdóttir og Hlíf Guðmundsdóttir	Ferlaverkefni um teymisvinnu á 33A Helga Sif Friðjónsdóttir	Dagbók sjúklinga sem fara í liðskipti á hné. B5 Kolbrún Kristiansen	Móttaka í mæðravernd vegna sykursýki á meðgöngu, breytt hlutverk: Ingibjörg Hreiðarsdóttir
11.50 Stunguóhöpp á LSH Linda Björnsdóttir	Kaizen á 32-C - teymisvinna og rapport Jóhanna E. Jónsdóttir	Óráð skurðsjúklinga: Steinunn Arna, Sólborg Þóra Ingjaltdóttir	Lean verkefni á A7 - þrýstingsár Berglind Chu, Ingunn Ingþórsdóttir
12.05 Stefna LSH um mat og meðferð verkja Sigríður Zoëga	STREYMA á A7 Þórunn Ólafsdóttir	Útskriftafræðsla á skurðlækningasviði: Katrín Blöndal og Margrét Torp	Áhættumælikvarðar Hanna Kristín Guðjónsdóttir
12.20 Lean verkefni á A7 - þrýstingsár Marín Guðjónsdóttir, Ásta Kristjánsdóttir	Tússtöflu verkefni á A7 Guðrún Árný Guðmundsdóttir	Stofugangur við rúm sjúklings á 12E Anna María Ólafsdóttir	Samræmt og staðlað verklag á legudeildum Vigdís Hallgrímsdóttir
12.35 Betri boðleiðir spara sporin - Hjartadeild María Ottesen	Innleiðing á skjáborðum á legudeildum Hanna Kristín Guðjónsdóttir	Tilvísun aldrafraða í hjúkrunarstjórn úrræði eftir endurteknar komur á BMT: Ingibjörg Sigurþórsdóttir	Stöðumat á Landspítala - reynslan af bráðamóttökunni: Gunnhildur Peiser
12.50 Bætt verklag við útskriftir á hjartadeild Ólga Birgitta Bjarnadóttir	Áhættumælikvarðar Hanna Kristín Guðjónsdóttir	Umbúðir eftir liðskiptaaðgerð á hné og mjóðm: endurskoðun á verklagsreglum: Jóhanna Sigríður Sveinsdóttir og Hafðís Hjaltadóttir	Álagsmælar á bráðadeild - Viðbragðsáætlun Gunnhildur Peiser
	13.00-16.00 Grand Hótel Hátiðardagskrá Fih: Efling öldrunarhjúkrunar		11.00-16.00 Eirberg – Hjúkrunarfræðideild HÍ Kynning á lokaverkefnum BS hjúkrunar nema
13.30 Vinnusmiðjur Óráð almennt: Stigapalli 4. hæð Fv Óráð skurðsjúklinga: Skásalir Hb	13.30 Vinnusmiðjur Stunguóhöpp: Stigapalli 7. hæð Fv og 2. hæð Hb Viðbragðssveit: Við Hringisal	13.30 Vinnusmiðjur Móttaka andlega veikra: 2. hæð Fv. Qi gong: Skásalir, Hb. Viðbragðssveit: Stigapalli 7. hæð Fv	14:00 Vinnusmiðjur Qi gong: Blásölum Fv Mindfulness 90mín: Ásinn Hb
14.00-15.15 Örfyrirlestrar Blásölum Fundarstjóri: Elin Ögmundsdóttir	14.00-15.15 Örfyrirlestrar Hringsal, fjarf. í Blás. Fundarstjórar: Sigurveig Myrdal/Guðrún J	14.00-15.15 Örfyrirlestrar Blás. fjarf. í Hringsal Fundarstjórar: Elfa Þóll/Guðrún	
14.05 Þemamánuður á 11E Steinunn Ingvarsdóttir	Atvik er varðar sjúkling er skráð og hvað svo? Katrín Þórkelsdóttir	Umbótaverkefni - Innleiðing á WHO gátlistanum á skurðstofum LSH: Krístrún Þórkelsdóttir	
14.20 Bjöllupreyta (Alarm fatigue) á hjartadeild Friða Björk Skúladóttir	Forgangsröðun (Triage) á BMT barna Ólaf Elsa Björnsdóttir	Ferilgreiningaverkefni - Stunguóhöpp á LSH og tillögu til úrbóta: Krístrún Þórkelsdóttir	
14.35 Samræmt og staðlað verklag á legudeildum Vigdís Hallgrímsdóttir	Dropout í fyrstu komu Unnur Heba Steingrimsdóttir	Eitrefna æfing Guðrún Lisbet	
14.50 Móttaka sjúklinga með brjóstverki Kristín Halla Marínósdóttir	Við elskum fólk – augndeildin Dógg Harðardóttir	Innskrift á dag- og göngudeild blóð- og krabbameinslækninga: Ragna Dóra Rúnarsdóttir	
15.05	Jónína Hólmfríður Hafliðadóttir: Tilmæli um hjúkrun einstaklinga með Parkinsonveiki	Ebóla - viðbragðsáætlun á Landspítala Hildur Helgadóttir	
		16.30 Happy hour Slippbarinn	

VEGGSPJALDASÝNING Á VIKU HJÚKRUNAR 2015

UPPLÝSINGAR UM VEGGSPJÖLD OG STAÐSETNINGU ÞEIRRA

FOSSVOGUR

Númer	Heiti veggspjalds	Höfundar	Staðsetning
1	Lyfjaskömmun fyrir HIV jákvæða sprautufikla	Anna Tómsdóttir og Berþóra Karlsdóttir	Fossvogur, 2.h
2	Ánægja aðstandenda með umönnun á gjörgæsludeild: Forþrófun mælitækis	Ásta Hrönn Kristjánsdóttir, Hanna Jóna Ragnarsdóttir, Lovísa Baldursdóttir, Ásdís Guðmundsdóttir og Herdís Sveinsdóttir	Fossvogur, 2.h
3	Prýstingssár á A7: Nýtt verklag	Ásta Hrönn Kristjánsdóttir, Berglind Chu, Ingunn Ingbórsdóttir og Marín B Guðjósóttir	Fossvogur, 7.h
4	Öryggi sjúklinga í einangrun	Faghópur um sjúklinga með sýkingar	Fossvogur, 7.h
5	Gæðaverkefni til að bæta þjónustu við aldraða á LSH	Elfa Þöll Grétarsdóttir, Anna Björg Jónsdóttir, Sigrún Lind Egilsdóttir, Hlíf Guðmundsdóttir, Margrét Guðnadóttir og Þórhildur Kristinsdóttir.	Fossvogur, 4.h
6	Skimunar og greiningartæki um óráð	Elfa Þöll Grétarsdóttir, Steinunn Arna Þorsteinsdóttir og Tryggvi Þórir Egilsson	Fossvogur, 4.h
7	Tvöfaldir hanskar á skurðstofum	Erla Rúna Þórðardóttir, Árdís Rut Ámundadóttir og Soffía Hauksdóttir	Fossvogur, 2.h
8	Education programs for sterile technician and licenced practical nurses.	Erlín Óskarsdóttir og Helga Kristín Einardóttir	Fossvogur, 2.h
9	Þorskröð notað í sárameðferð	Guðbjörg Pálsdóttir	Fossvogur, 2.h
10	Klínískar leiðbeiningar um greiningu, forvarnir og meðferð við óráði.	Hlíf Guðmundsdóttir, Elfa Þöll Grétarsdóttir, Steinunn Arna Þorsteinsdóttir, Tryggvi Þórir Egilsson, Ingibjörg Gunnþórsdóttir, Lovísa Agnes Jónsdóttir, Sólborg Þóra Ingjaldsdóttir, Jóna Pálína Grímsdóttir, Bryndís Hrönn Kristjánsdóttir, Eygló Ingadóttir og Jónína Sigurðardóttir	Fossvogur, 4.h
11	Assessing pain severity - which scale do patients prefer, and when do they need treatment?	Sigríður Zoega, Auður Sesselja Gylfadóttir Gísli Vigfússon, Sigríður Gunnarsdóttir, Guðrún Dóra Guðmannsdóttir og Herdís Sveinsdóttir	Fossvogur, 2.h
12	Stefna um mat og meðferð verkja á Landspítala	Sigríður Zoega, Gísli Vigfússon og Sigríður Gunnarsdóttir	Fossvogur, 2.h
13	Umbúðir eftir liðskiptaágerðir á hné og mjöðm, heildarsamantekt og vettvangsathugun	Jóhanna Sigríður Sveinsdóttir og Hafdís Hjaltadóttir	Fossvogur, 2.h
14	Sjúklingafræðsla á skurðlækningasviði - tengsl við þjónustukönnun LSH	Margrét Sjöfn Torp og Katrín Blöndal	Fossvogur, 2.h
15	Heimahlýning	Starfsfólk heimahlýningar	Fossvogur, 4.h
16	Einkenni á síðustu 24 klst. lífs: samanburður á skráningu algengra einkenna og meðferð þeirra hjá sjúklingum með krabbamein og sjúklingum með aðra sjúkdóma sem liggja á Landspítala	Svandís Íris Hálfánardóttir, Kristín Lára Ólafsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir	Fossvogur, 2.h
17	Viðhorf hjúkrunarfræðinga til umönnunar deyjandi sjúklinga á tveimur bráðadeildum Landspítala	Svandís Íris Hálfánardóttir	Fossvogur, 2.h
18	Development of realtime process indicator for operating rooms	Vigdís Hallgrímsdóttir, Krístrún Þórkelsdóttir, Sigurbergur Kárason og Björn Jónsson	Fossvogur, 2.h
19	Líðan dagaðgerðarsjúklinga eftir svæfingu- lýsandi niðurstöður	Þórdís Borgþórsdóttir, Lára Borg Ásmundsdóttir, María Titia Ásgeirsdóttir og Herdís Sveinsdóttir	Fossvogur, 2.h
20	Stunguóhöpp á Landspítala 2014	Linda Björnsdóttir, Mannauðsdeild	Fossvogur, 7.h
21	Kostnaður vegna stunguóhappa	Linda Björnsdóttir, Mannauðsdeild	Fossvogur, 7.h
22	Eiturfnaæfing 2015	Guðrún Lísbet Nielsdóttir o.fl.	Fossvogur, 2.h
23	Þróun hæfniviðmiða og hæfnimats fyrir hjúkrunarfræðinga bráðamóttöku Landspítala Fossvogi	Fagráð í bráðahjúkrun á Landspítala	Fossvogur, 2.h

Hjúkrun á Landspítala

• SKOÐUN | 08:00 | 12. MAÍ 2015

Líkar þetta 303

2014-2015

Fylgiskjal 8



Guðriður Kristín Þórðardóttir (t.v.) og Elfa Þöll Grétarsdóttir.

ELFA ÞÖLL GRÉTARSDÓTTIR OG GUÐRÍÐUR KRISTÍN ÞÓRÐARDÓTTIR SKRIFA

Mikið hefur verið fjallað um Landspítala undanfarna mánuði og ár og þá einkum vegna álags, mannekle og fjárskorts. Niðurskurður, atgervisflótti heilbrigðisstarfsmanna, lítil nýliðun fagfólks, ákæra, húsnæðisskortur og nú verkföll. Er virkilega allt í steik á þessari virtu stofnun? Hvernig í ósköpunum fæst fólk til þess að standa vaktir við þessar aðstæður nótt sem nýtan dag? Er þjóðinni óhætt? Hvað er raunverulega í gangi á Landspítalanum? Í nýrri starfsumhverfiskönnun kom fram að þrátt fyrir að meirihluta hjúkrunarfræðinga finnist álagið of mikið og launin lág, þá eru þeir ánægðir í starfi. Miðað við þetta má velta því fyrir sér hvað það sé sem veitir þeim starfsánægju.

Störf hjúkrunarfræðinga innan spítalans eru fjölbreytt en eiga það þó sameiginlegt að veita sjúklingum og aðstandendum þjónustu á viðkvæmum stundum í lífi þeirra. Hjúkrunarfræðingar og ljósmæður spítalans veita sína þjónustu af fagmennsku, öryggi og umhyggju. Þeir eru vel menntaðir og eftirsóttur starfskraftur víða um heim. Þekking og reynsla þeirra er dýrmæt fyrir spítalann. Það er krefjandi en á sama tíma mjög gefandi að styðja einstaklinga í erfiðum veikindum, eftir slys eða við andlát. Það sama má segja um að veita aðstandendum sjúklinga stuðning við að aðlagast breyttum aðstæðum í bráðum og langvinnum veikindum eða við missi. Hjúkrunarfræðingar vita að framlag þeirra skiptir máli í erfiðum aðstæðum en árangur vinnu þeirra er ekki hægt að meta til fjár.

Fjárskortur og mannekla á spítalanum getur þó bitnað á gæðum, öryggi og á árangri. Þungur róður á Landspítala undanfarin ár hefur kennt okkur margt. Eitt af því mikilvægasta sem við höfum lært er það að í kreppum felast tækifæri. Starfsandi síðustu missera hefur einkennt af því hugarfari að klúðra ekki tækifærinu og hefur framkvæmdastjórn spítalans verið leiðandi í því hugarfari. Við markvissa endurskoðun á verkferlum og starfsháttum innan spítalans hefur verið haft að leiðarljósi að efla öryggismenningu og bæta starfsumhverfið.

Hjúkrunarfræðingar fagna árlega fæðingardegi frumkvöðulsins Florence Nightingale 12. maí, sem er alþjóðadagur hjúkrunarfræðinga. Fræðslunefnd hjúkrunarráðs Landspítala stendur fyrir svokallaðri „viku hjúkrunar“ og að þessu sinni er þemað umbætur í hjúkrun. Þá er vísað til verkefna og breytinga sem gerðar hafa verið til að viðhalda öryggi sjúklinga, bæta þjónustu og hagræða í rekstri. Í boði verða 38 fyrirlestrar, 16 vinnusmiðjur og yfir 50 veggspjaldakynningar. Vikan einkennist af uppskeruhátíð verkefna þar sem áhersla er á að sjá áskoranir, hugsa í lausnum, fá góðar hugmyndir og hrinda þeim í framkvæmd.

Kreppur undanfarinna ára hafa kennt okkur að leita árangursríkra lausna á hagkvæman hátt. Þær kynningar sem eru í dagskrá viku hjúkrunar er bara toppurinn af ísjakanum þegar horft er til lausnamiðaðra aðgerða sem er verið að beita á spítalanum. Það er viðhorf hjúkrunarfræðinga á Landspítala að hugsa í lausnum, fá góða hugmyndir og hrinda þeim í framkvæmd, ekki tala um vandamál heldur lausnir. Hjúkrunarfræðingar eru hluti af lausninni. Með því náum við árangri, eflum fagmennsku, tryggjum öryggi og verðum ánægð í starfi.

Það er gott að að vera hjúkrunarfræðingur á Landspítalanum. Þar eru tækifærin til að efla hjúkrun, byggja upp og láta gott af sér leiða. Þar eru góðar fyrirmyndir og leiðtogar sem forréttindi eru að vinna með. Það geta allir hjúkrunarfræðingar verið stoltir af störfum sínum á þessari mikilvægu stofnun á erfiðum tímum.

Kæru hjúkrunarfræðingar, til hamingju með daginn.

Elfa Þöll Grétarsdóttir, formaður fræðslunefndar hjúkrunarráðs Landspítala

Guðriður Kristín Þórðardóttir, formaður hjúkrunarráðs Landspítala

Fylgiskjal 9

Dagská fræðslufunda hjúkrunarráðs veturinn 2014-2015

5. nóv 2014	Eftirfylgd og stuðningur við syrgjendur á hjartadeild Guðríður Kristín Þórðardóttir sérfræðingur í hjúkrun hjartasjúklinga
3. des 2014	Starfsþróunarkerfi hjúkrunarfræðinga. Hrund Scheving Thorsteinsson
14. jan 2015	Verkir og verkjamat . Dr. Sigríður Zoega Nýárskafti eftir fundinn.
28. jan 2015	Rannsóknir hjúkrunarfræðinga og tækifærin sem fylgja vöruhúsi gagna á LSH Elísabet Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur MS og varaformaður síðanefndar LSH
11. feb 2015	Nýjar áherslur í námi í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands: Breytt fyrirkomulag við inntöku nýnema í grunnnám, endurbætur á námsskrá o.fl. Brynja Örlýgsdóttir, Þóra Jenný Gunnarsdóttir og Helga Bragadóttir
25. feb 2015	Málþing um fagmennsku
11. mars 2015	Skjúkdómsvæðing heilabilunar: Kynning á nýjum hugmyndum um heilsabilun. Hvaða áhrif hafa þær á hjúkrun? Sigún Huld Þorgrímsdóttir
25. mars 2015	Gjörgæsluálit –GÁT. Kynning og umræður um þjónustu GÁT-teymis Lovísa Baldursdóttir, sérfræðingur í hjúkrun
8. apr. 2015	Reynsla af og viðbrögð við endurteknum MÓSA-sýkingum á LSH Ásdís Elfarsdóttir
	VIKA HJÚKRUNAR
30. sept. 2015	Starfsþróun – <i>böl eða blessun?</i> Helga Kristín Einarsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri E5 og Guðríður Kristín Þórðardóttir, formaður hjúkrunarráðs fjalla um símenntun og möguleika fyrir íslenska hjúkrunarfræðinga Pallborðsumræður: Guðríður Kristín, Helga Kristín, Rund Scheving og Sigríður Gunnarsdóttir
21. okt 2015	Kynlöngun kvenna – rannsóknir, reynsla og raunir Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, hjúkrunarfræðingur, MS.Ed, sérfræðingur í klínískri kynfræði (NACS)